

Lögmannaþlaðið

ÚTGEFIÐ AF LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS

1. TBL. 29. ÁRG. 2023



ATVINNUREKSTRARBANN OG
SKIPTASTJÓRAR

18-22

VIÐTAL VIÐ
JÓNAS HARALDSSON

25-29



- | | | |
|---|--|---|
| <p>4 SIGURÐUR ÖRN HILMARSSON
Formannspistill</p> <p>6 ARI KARLSSON
Frá ritstjórn</p> <p>8 EVA HRÖNN JÓNSDÓTTIR
Af þagnarskyldu, hagsmunagæslu
og þóknun lögmanna</p> <p>11 Í fréttum er þetta helst</p> | <p>13 Nýr starfsmaður á skrifstofu LMFÍ</p> <p>14 EVA HRÖNN JÓNSDÓTTIR
Róbert Spanó í Hörpu:
Sjálfbærni og UFS</p> <p>16 TÓMAS JÓNSSON
Drami og dómaramistösk á
jólaskötusnafsmóti LMFÍ 2022</p> <p>18 SVEINN ANDRI SVEINSSON
Atvinnurekstrarbann og
skiptastjórar</p> | <p>23 EYRÚN INGADÓTTIR
Tekist á um kjaradeilur: Hádegis-
og aðalfundur Vinnuréttarfélags
Íslands</p> <p>24 VIÐTAL VIÐ JÓNAS HARALDSSON
Hef virkilega reynt að vera til
vandræða</p> |
|---|--|---|

Lögmannafélag Íslands

Álftamýri 9, 108 Reykjavík
Netfang: lmfi@lmfi.is
Heimasíða: www.lmfi.is

Ritstjóri og ábyrgðarmaður

Ari Karlsson lögmaður
Netfang: ari@lmg.is

Aðstoðarritstjóri

Eyrún Ingadóttir

Ritnefnd

Arnar Vilhjálmur Arnarsson lögmaður
Hildur Þórarinsdóttir lögmaður
Ingi B. Poulsen lögmaður
Unnur Lilja Hermannsdóttir lögmaður

Stjórn LMFÍ

Sigurður Örn Hilmarsson lögmaður, formaður
Eva Bryndís Helgadóttir lögmaður
Geir Gestsson lögmaður
Áslaug Björgvinsdóttir lögmaður
Tómas Eiríksson lögmaður

Varastjórn LMFÍ

Eva Halldórsdóttir lögmaður
Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður
Magnús Hrafn Magnússon lögmaður

Starfsmenn LMFÍ

Ingimar Ingason framkvæmdastjóri
Eyrún Ingadóttir skrifstofustjóri
Anna Lilja Hallgrímsdóttir lögfræðingur
Dóra Berglind Torfadóttir bókarari og ritari

Forsíðumynd

Ljósadýrð á Borgarfirði eystri 2023
Ljósmyndari: Gretar Örn Bragason

PRENTVINNSLA

Litlaprent ehf.

UMSJÓN AUGLÝSINGA

Öflun ehf., sími: 530 0800
ISSN 1670-2689

Gagnaeyðing er flutt í Skútuveg 13



Gagnaeyðing eyðir hverskyns gögnum og búnaði samkvæmt alþjóðlega viðurkenndu og vottuðu ferli, allt frá móttöku til eyðingar. Eyðingin sjálf gerist með tætingu og fer kurlið til endurvinnslu hjá viðurkenndum vinnsluaðila.

Hafðu samband!

Opið mánudaga - fimmtudaga 8:30 -17:00 og til 16:00 á föstudögum.

Örugg eyðing gagna



GAGNAEYÐING

AF EINURÐ OG ÖÐRU

SIGURÐUR ÖRN HILMARSSON LÖGMAÐUR
FORMAÐUR



Harvey hóf nýlega störf á lögmannsstofunni Allen & Overy. Slíkar ráðningar hjá alþjóðlegum lögmannstofum eru sjaldnast tilefni umfjöllunar í Lögmannablaðinu, en Harvey er líka um margt mjög sérstakur. Starfslýsingin er eitthvað á þessa leið: Að aðstoða alla 3.500 lögmennt og lögfræðinga stofunnar á 43 skrifstofum við samningsgerð, áreiðanleikakannanir og lögfræðirannsóknir. Hér er ekki um óvenju dugmikinn fulltrúa að ræða, heldur gervigreind sem byggir m.a. á GPT tækni OpenAI. Þó gervigreindin eigi enn nokkuð í land er ljóst að hún er að ná okkur á ógnarhraða. Í fyrstu mun tæknin aðstoða okkur lögmenntina við ýmis verk, en eflaust er ekki langt í að hún þurfi lítið á okkur að halda. Heimurinn er í það minnsta að breytast mjög hratt.

Þá munu líka vakna siðferðilegar spurningar um notkun gervigreindarinnar við lögfræðistörf. Eðlilega spurði ég gervigreindina ChatGPT um hverjar þær gætu helst verið og það stóð ekki á svari: Persónuverndarsjónarmið sem felast í því að mata gervigreindina ógrynni lögfræðiskjala, hlutlægnis-skortur ef gögnin eða þjálfun gervigreindarinnar reynast skökk, óljósari ábyrgðarkeðja og ógagnsæi. Þá hvílir sú skylda ávallt á lögmanninum að tryggja það að unnið sé að hagsmunum skjólstæðingsins af trúmennsku í samræmi við lagaskyldur og viðeigandi siðareglur.

Af þessu tilefni er rétt að geta þess að félagsfundur Lögmannafélagsins samþykkti breytingar á siðareglum félagsins þann 26. janúar sl. Ég hygg að ekkert mál hafi verið fengið jafnmikla skoðun á vettvangi félagsins, en tillögurnar má rekja til starfs siðareglunefndar allt frá árinu 2016. Ég hvet eindregið alla félagsmenn til að kynna sér reglurnar vel og greinargerðina sem þeim fylgir.

Með breytingunum var m.a. leitast við að setja nánari ákvæði um þagnarskyldu lögmannna, setja skýrari ramma utan um hagsmunaárekstra og skerpa á mikilvægum siðferðisskyldum lögmannna gagnvart skjólstæðingum sínum með því að gæta hagsmuna skjólstæðinga sinna af einurð, þ.e. að sýna þeim trúmennsku, hollustu, hreinskilni og koma fram fyrir þeirra hönd af ákveðni og dug.

Ég vil líka nota tækifærið til að þakka öllum þeim sem komu að þessari vinnu, þ.m.t. siðareglunefndum liðinna ára, þeim félagsmönnum sem létu málefnið sig varða, gerðu athugasemdir og tillögur að breytingum, hvort heldur sem var á félagsfundum, með bréfum til stjórnar félagsins eða í samráðsgátt félagsins. Að öðrum ólöstuðum vil ég þó sérstaklega þakka formanni siðareglunefndar, Óttari Pálssyni, sem leiddi vinnuna frá upphafi af kostgæfni.



Viðskiptalögfræði
í 20 ár



Vilt þú bæta við þig viðskiptalögfræði?

Viðskiptalögfræðingar brúa bilið milli
viðskipta og lögfræði



HÁSKÓLINN
Á BIFRÖST

bifrost.is

HUGREKKI OG MANNÚÐ

ARI KARLSSON
RITSTJÓRI



Í grein í vefriti UCLA Law Review, frá því í september sl., fjallar Richard D. Fybel, dómari við fjórða áfrýjunarrétt Kaliforníuríkis, um dómara, lögfræðinga og fræðimenn og lög Í Þýskalandi nasismans. Enda þótt fá tímabil mannkynssögunnar hafi verið rannsökuð jafn mikið og valdatíð nasista er sjónum sjaldnar beint að lagalegum grundvelli og hlutverki lögfræðinga og réttarkerfis í þeim hildarleik.

Í greininni leitar höfundur svara við þeirri spurningu hvernig hið þýska réttarkerfi gerði stjórnvöldum kleift að svipta gyðinga mannréttindum sínum og að lokum helförina þar sem sex milljónum gyðinga var útrýmt. Og þá spyr höfundur hvernig gat ríkisstyrkt og lögmælt illska gerst í síðuðu samfélagi á 20. öld. Niðurstæða höfundar er sú að þýskt samfélag, þar með talið dómstólar, dómara, lögfræðingar og fræðimenn, samþykktu og í mörgum tilfellum tóku undir og stuðluðu að óheftu valdi nasista og kynþáttabundnu óréttlæti.

Grundvöllur valdatöku og umbreytingu þýska ríkisins í einræðisríki grundvallaðist á því að 48. gr. stjórnarskrár Weimarlýðveldisins veitti forsetanum víðtækar valdheimildir til þess að víkja í burtu stjórnarskrá í neyðarástandi. Tæpum mánuði eftir að Hindenburg forseti skipaði Hitler ríkiskanslara var kveikt í þinghúsinu í Berlín og hollenskur kommúnisti handtekinn á staðnum. Á þeim grundvelli sannfærði Hitler Hindenburg forseta um að gefa út tilskipun á þeim grundvelli að um samsæri kommúnista hefði verið að ræða og að neyðarástand ríkti. Með tilskipuninni var m.a. ákvæðum stjórnarskrár um borgaraleg og stjórn mála­leg mannréttindi og réttláta málsmeðferð fyrir dómi vikið til hliðar. Þá heimilaði tilskipunin handtöku og varðhald án saka eða sérstaks tilefnis. Rúmum mánuði síðar samþykkti þýska þingið lög sem veittu kanslaranum ótakmarkað vald til þess að setja lög – þ.m.t. lög í andstöðu við stjórnarskrána – án samþykkis

þings eða forseta. Ríki og foringi urðu eitt og orð hans voru lög. Með þessu varð til það einræðisríki nasista og með tilskipunum eða löggjöf þingsins voru gyðingar í framhaldinu sviptir öllum helstu grundvallarmannréttindum, þ.m.t. þýsku ríkisfangi.

Í grein sinni rekur Fydel að lögfræðingar í Þýskalandi hafi samþykkt þessi lög í orði eða verki og framfylgt þeim án andmæla eða vandkvæða. Dómstólar sögðu ekki orð, dómara sóru Hitler eið sinn og dæmdu samkvæmt þeim ólögum sem sett voru, lagadeildir þýskra háskóla þögðu þegjandi hljóði og lögfræðingar sem þurftu í störfum sínum að takast á við þá siðferðislegu raun að samræma mismunun gegn gyðingum völdu ólögin. Margir fræðimenn gerðu hugmyndafræði nasista að sinni og lögðu jafnvel fræðilegan grundvöll fyrir grimmilegri mismunun gyðinga, og að lokum útrýmingu þeirra.

Fyrir um það bil áratug taldi sá sem hér ritar að það væri ómögulegt að grundvöllur vestrænna lýðræðisríkja væri í nokkurri teljandi hættu. Atburðir síðustu ára; upplýsingaóreiða og afneitun staðreynda, mannfjandsamleg orðræða og uppgangur pólariseringar og popúlískra stjórn mála­afla sem ala á óánægju og að sjálfsgöð réttindi mannréttindi minnihlutahópa séu á kostnað annarra hópa samfélagsins, aðsúgurinn að bandaríska þinghúsinu í ársbyrjun 2021 og innrásin í Úkraínu eru leiðarmerki þess að blikur séu á lofti.

Við þessar aðstæður er það hlutverk okkar lögmanna, dómara, fræðimanna og lögfræðistettarinnar allrar að standa vörð um mannréttindi, lýðræðisskipulagið og réttarríkið og þá grundvallarstofnanir þess. Í því felst enginn afsláttur á því að ræða hlutverk og gagnrýna stofnanir samfélagsins, lagasetningu, eða einstaka úrlausnir. Slík gagnrýni kann að vera beinskeytt eða hvöss en ef við gætum ekki að því að hún sé grundvölluð

á staðreyndum og rökum, og sé umfram allt sanngjörn, vegum við að grundvallarstöðum þeirra stofnana sem við byggjum réttarríkið á.

Í fyrrnefndri grein nefnir Richard Fydel að hann hafi haft tækifæri til þess að spyrja Eli Wiesel, friðarverðlaunahafa Nóbels og eftirlifanda helfararinnar, um það hvers vegna hann teldi að dómarar þriðja ríkisins hefðu framfylgt ólögum jafn fúslega og með samræmdum hætti. Svar Wiesel var að þá hefði skort mannúð og hugrekki og skildu ekki hvaða afleiðingar ákvarðanir þeirra höfðu á þjóðina.

Svar Wisel er ágætt að hafa í huga nú um stundir. Þegar um grundvallarspurningar um réttindi eða samfélagsskipanina er um að ræða er ekki nóg að skoða niðurstöðu út frá tilteknu máli heldur jafnframt hvaða víðtæku áhrif úrlausn hefur á fólk, samfélagsskipanina eða grundvöll réttarríkisins. Við það mat má okkur hvorki bresta mannúð né hugrekki.

Námskeið Lögmannafélags Íslands

SAMKEPPNISRÉTTUR: SAMSTARF FYRIRTÆKJA OG SJÁLFSMAT – 30. MARS 2023

Árið 2020 var samkeppnislögum breytt, m.a. á þann veg að fyrirtæki sem vilja nýta sér heimildir 15. gr. samkeppnislaga til samstarfs þurfa sjálf að meta hvort skilyrði fyrir slíku samstarfi séu fyrir hendi, í stað þess að sækja um fyrirfram heimild Samkeppniseftirlitsins. Á námskeiðinu verður farið yfir leiðbeiningar Samkeppniseftirlitsins um beitingu 15. gr. samkeppnislaga sem og praktísk atriði varðandi vinnslu sjálfsmats af þessu tagi og almennt um samstarf milli fyrirtækja.

- Kennari** Heimir Örn Herbertsson lögmaður og sérfræðingur við lagadeild Háskólans í Reykjavík.
Staður Fundarsalur Blaðamannafélags Íslands, Síðumúla 23, 3. hæð.
Tími **Alls 2 klst. Fimmtudagur 30. mars 2023 kl. 11.00-13.00**
Verð kr. 22.000,- (kr. 2.200,- í afslátt fyrir aðild að LMFÍ og LÍ en kr. 5.500,- í afslátt fyrir aðild að félagsdeild LMFÍ).

ANDLEGUR STUÐNINGUR VIÐ SKJÓLSTÆÐINGA Í GÆSLUVARÐHALDI – 11. MAÍ 2023

Þótt lögmennt sinni almennt ekki sálgæslu þá kemur fyrir að skjólstæðingar þeirra þurfi sárlega á henni að halda, til dæmis í gæsluvarðhaldi. Á námskeiðinu verður farið yfir áhrif einangrunarvistar á einstaklinga og hvernig lögmennt geta stutt við skjólstæðinga sem sæta einangrunarvist. Hvernig á að aðstoða skjólstæðing sem er í áfalli?

Námskeiðinu er ætlað að setja í verkfærakistu lögmanna tól sem geta gagnast skjólstæðingum á þeirra erfiðustu stundum.

- Kennari** Anna Kristín Newton sálfræðingur, sviðsstjóri meðferðarsviðs fangelsismálastofnunar.
Staður Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.
Tími **Alls 2 klst. fimmtudagur 11. maí 2023 kl. 11.00-13.00.**
Verð kr. 22.000,- (kr. 2.200,- í afslátt fyrir aðild að LMFÍ og LÍ en kr. 5.500,- í afslátt fyrir aðild að félagsdeild LMFÍ).

SKRÁNING Á NÁMSKEIÐ Á HEIMASÍÐU LMFÍ; WWW.LMFI.IS

AF ÞAGNARSKYLDU, HAGSMUNAGÆSLU OG ÞÓKNUN LÖGMANNA

Breytingar á siðareglum lögmanna voru samþykktar á félagsfundi LMFÍ 26. janúar síðastliðinn og snúa að þagnarskyldu, hagsmunarárekstrum, þóknun og endurmenntun lögmanna. Siðareglunefnd félagsins, sem í sitja Óttar Pálsson, formaður, Eva Halldórsdóttir og Gizur Bergsteinsson, yfirfór reglurnar og gerði tillögur að breytingunum en á fundinum komu fram þrjár breytingatillögur; tvær vegna ákvæða um hagsmunaárekstur og ein vegna ákvæða um endurmenntun lögmanna. Breytingatillögurnar voru bornar undir atkvæði fundarins og var ein þeirra samþykkt sem fól í sér að taka upp í tillögur siðareglunefndar fyrri málslið 2. mgr. 11. gr. áðurgildandi siðareglna um skyldu lögmanns til að varast að taka að sér nýjan skjólstæðing, ef hagsmunir hans og þeirra skjólstæðinga lögmannsins sem fyrir eru, fá ekki samrýmst eða hætta getur verið á slíku.

Hér á eftir verður fjallað um breytingarnar.



Óttar Pálsson formaður siðareglunefndar.



Berglind Svavarsdóttir fv. formaður LMFÍ stjórnaði fundi.

Pagnarskylda

Breytingar á ákvæðum siðareglna um þagnarskyldu fela ekki í sér breytingar á eðli eða inntaki trúnaðar- og þagnarskyldu lögmanna heldur taldi nefndin að það þyrfti að áréttta að þagnarskylda eigi við um öll lögmansstörf, sé ótímabundin og eigi við um allar upplýsingar um skjólstæðing eða málefni hans sem lögmaður tekur við eða verður áskynja um í störfum sínum. Sama á við um öll skjöl og önnur gögn sem lögmaður útbýr eða afhendir skjólstæðingi sínum. Þá er kveðið á um í hvaða undantekningartilvikum lögmanni er heimilt að miðla upplýsingum sem ella væru háðar þagnarskyldu.

Hagsmunagæsla

Sú breyting var lögð til á 8. gr. siðareglna að orða þar þá skyldu lögmanna að gæta hagsmuna skjólstæðinga sinna af einurð. Með þessu var samræmt orðalag ákvæða II. kafla siðareglanna, sem fjallar um skyldur lögmanna gagnvart skjólstæðingum sínum, og III. kafla siðareglanna, sem varðar samskipti lögmanna og dómstóla. Í greinargerð siðareglunefndar segir að merking orðsins „einurð“ fangi mikilvægar siðferðisskyldur lögmanna gagnvart skjólstæðingum, svo sem að sýna þeim trúmennsku, hollustu og hreinskilni og koma fram fyrir þeirra hönd af ákveðni og dug.

Þóknun

Reynt var að hafa sem flest ákvæði um þóknun lögmanna í einni og sömu greininni, auk þess að skýra og skerpa inntakið. Bætt var við ákvæði þar sem kveðið er á um helstu þætti sem til skoðunar geta komið við mat á því hvað talist getur hæfileg þóknun í tilteknu máli. Er meðal annars heimilt að líta til umfangs og eðlis viðkomandi máls, undirliggjandi hagsmuna, þýðingar þess fyrir skjólstæðing, árangurs af vinnu lögmansins, þess tíma

sem krafist er að varið sé í málið af hans hálfu, sérhæfingar hans og þeirrar ábyrgðar sem starfanum fylgir. Talningunni er ekki ætlað að vera tæmandi og geta því fleiri þættir komið til skoðunar við matið.

Lögmanni er heimilt að áskilja sér þóknun í hlutfalli við fjárhagslegan ávinning af málarekstri og eins er fjallað um skyldu lögmans til þess að upplýsa skjólstæðing sinn um á hvaða grundvelli þóknun lögmansins er reiknuð. Þá er áréttuð sú skylda lögmans að leitast við að gera skjólstæðingi sínum grein fyrir hver kostnaður af máli gæti orðið í heild sinni og vekja athygli hans ef ætla má að kostnaður verði hár að tiltölu við þá hagsmuni sem í húfi eru. Enn fremur er kveðið á um að lögmanni verði óheimilt að krefjast fyrirframgreiðslu úr hendi skjólstæðings síns umfram það sem ætla má að verði hæfileg þóknun vegna starfans.

Hagsmunaárekstur

Nýjar reglur um bann við hagsmunaárekstrum eru nokkuð ítarlegri en þær eldri en þær helstu eru að bætt var við ákvæði sem mælir fyrir um að lögmaður skuli ekki aðstoða, eða fara með hagsmuni, ef hagsmunir skjólstæðings rekast á við hagsmuni lögmansins.

Í samræmi við breytingar á ákvæðum um þagnarskyldu lögmans er svo áréttuð að lögmaður skuli ekki fara með hagsmuni skjólstæðings þannig að fari í bága við trúnaðarskyldu hans gagnvart fyrrverandi skjólstæðingi. Þá er lögð sú skylda á herðar lögmanni að leggja á hverjum tíma mat á hættu á hagsmunaárekstrum og til þess að gera ráðstafanir til úrbóta komi upp hagsmunaárekstrar eða að skilyrði til undanþágu vegna hagsmunaáreksturs eru ekki lengur fyrir hendi.



Frá félagsfundi.

Víkja má frá meginreglunni um bann við hagsmunaárekstrum að þremur skilyrðum uppfylltum; að skjólstæðingar hafi gefið upplýst samþykki sitt, að gerðar séu ráðstafanir til að koma í veg fyrir brot gegn trúnaðarskyldu lögmanns og að hagsmunaárekstrar komi ekki í veg fyrir að lögmaður gæti hagsmuna skjólstæðinga sinna af einurð. Ákvæðum reglnanna um bann við hagsmunaárekstrum skal beitt um lögmann sem reka lögmannstofu í félagi eða hafa með sér annars konar samstarf um rekstur lögmannsstofu.

Þá er mælt fyrir um að undantekningarákvæði frá banni við hagsmunaárekstrum eigi ekki við um hagsmunagæslu í tengslum við rekstur ágreiningsmála fyrir dómstólum, gerðardómi, stjórnvöldum, úrskurðarnefnd lögmannna eða öðrum og gerir ákvæðið að þessu leyti ríkari kröfur til óhæðis lögmannna en áðurgildandi siðareglur.

Endurmenntun

Nýtt ákvæði um skyldu lögmannna til endurmenntunar var tekið upp með breytingunum. Lögð er skylda á lögmann til þess að viðhalda fræðilegri þekkingu sinni og faglegri hæfni, eftir atvikum með því að sækja sér endurmenntun, sem nauðsynleg er til að rækja starfann. Þá skulu lögmann tryggja að löglærðir fulltrúar fái viðeigandi þjálfun og leiðsögn í starfi.

„Ambulance chasing“

Siðareglur mæla nú fyrir um að lögmanni sé óheimilt að nota sér viðkvæmar aðstæður einstaklings til að afla sér verkefna auk þess sem óheimilt er, í sama tilgangi beint eða fyrir milligöngu annars manns, að beita einstakling þrýstingi eða hótunum. Í

umsögn siðareglunefndar segir að ákvæðinu sé m.a. ætlað að leggja bann við því sem stundum hefur á enskri tungu verið kallað „ambulance chasing“ sem að mati nefndarinnar er háttsemi sem illa samrýmist þeim siðferðiskröfum sem gera verður til lögmannna.

Code of Conduct

Samkvæmt siðareglunum eru íslenskir lögmann nú bundnir af háttisreglum samtaka evrópskra lögmannafélaga (CCBE Code of Conduct) veiti þeir þjónustu yfir landamæri innan Evrópska efnahagssvæðisins.

[Eva Hrönn Jónsdóttir tók saman](#)

Í fréttum er **þetta** helst

Lög um útlendinga nr. 80/2016

NAUÐSYN LAGABREYTINGA VEGNA TALSMANNA

Stjórn Lögmannafélagsins sendi dómsmálaráðherra fyrir skemmstu erindi þar sem farið var fram á að hann beiti sér fyrir breytingum á 24. tlf. 3. gr. útlendingalaga, nr. 80/2016, þannig að kveðið yrði á um að talsmaður vegna þeirra útlendinga sem sækja um alþjóðlega vernd hér á landi kæmu úr hópi lögmanna.

Samkvæmt núgildandi ákvæði er ekki gert ráð fyrir að talsmaður útlendinga, sem sækir um alþjóðlega vernd hér á landi og sem gæta á hagsmuna hans fyrir stjórnvöldum, sé lögmaður heldur nægir að hann sé lögfræðingur. Í ljósi þess að sífellt fleiri mál þeirra sem sækja um alþjóðlega vernd rata fyrir dómstóla, telur stjórn Lögmannafélagsins eðlilegt að slíkir talsmenn komi úr röðum lögmanna enda tryggir slíkt hraðari málsmeðferð endi mál fyrir dómi, auk þess sem því fyrirkomulagi fylgir aukin vernd fyrir umsækjanda í ljósi skyldutryggingar lögmanna, sérstakra siðareglna sem gilda um störf þeirra og rétti skjólstaðinga til að skjóta ágreiningsmálum til úrskurðarnefndar lögmanna.

Í svari svari dómsmálaráðuneytisins segir að hlutverk talsmanns umsækjanda um alþjóðlega vernd, í skilningi útlendingalaga, sé aðeins að annast réttaraðstoð og talsmannþjónustu á lægra og æðra stjórnarsýslustigi sem ljúki við endanlega afgreiðslu innan stjórnarsýslunnar, þ.e. með ákvörðun Útlendingastofnunar eða eftir atvikum úrskurði kærunefndar útlendingamála. Þá segir í bréfi ráðuneytisins að hlutverk talsmanna samkvæmt lögnum nái ekki til aðstoðar við málskot til dómstóla. Í ljósi þessa sé því ekki þörf á að lögmaður sinni réttindagæslunni.

Sumarleyfi og stórhátíðir:

HEIMILD TIL LENGRI FRESTA Í KÆRU- OG ÁFRÝJUNARMÁLUM

Í lok desember sl. voru á Alþingi gerðar breytingar á lögum nr. 134/2022 um meðferð einkamála sem veita dómstólum heimild til framlengingar fresta til að skila greinargerð í kær- og áfrýjunarmálum fyrir Landsrétti og Hæstarétti yfir hásumarleyfistíma og í kringum páska, jól og áramót. Breytingarnar hafa um árabíl verið baráttumál Lögmannafélagsins og gleðiefni að þær skuli loks hafa náð fram að ganga, lögmönnum til hagsbóta.

Verjendastörf á rannsóknarstigi:

GREIÐSLA ÞÓKNUNAR TIL LÖGMANNA

Stjórn Lögmannafélagsins hefur sent öllum lögreglustjóra-embættum landsins bréf þar sem óskað eftir upplýsingum um gildandi verklagsreglur varðandi notkun heimildar 2. mlf. 2. mgr. 38. gr. sakamálagaga nr. 88/2008 til að greiða verjanda hluta áætlaðrar þóknunar áður en rannsókn máls lýkur en svo virðist sem framkvæmdin sé mismunandi eftir embættum. Nánar verður fjallað um málið þegar svör hafa borist frá embættunum.

Úttekt á stjórnarsýslu:

HLERUN SÍMA OG ANNARRA FJARSKIPTATÆKJA

Stjórn Lögmannafélags Íslands hefur óskað eftir því við dómstólasýsluna að hún láti fara fram úttekt á stjórnarsýslu héraðsdómstólanna í tengslum við framkvæmd þeirra á grundvelli 2. mgr. 84. gr. sakamálagaga nr. 88/2008 sem fjallar um úrskurð dómara vegna hlerunar fjarskiptatækja.

Þegar dómara hefur borist krafa um úrskurð vegna aðgerða á grundvelli 80. – 82. gr. laganna, og hann fallist á að hún hljóti meðferð fyrir dómi án þess að sá sem hún beinist að verði kvaddur á dómþing, skal hann skipa lögmann til að gæta hagsmuna þess sem aðgerðin beinist að. Í samræmi við hlutverk sitt á lögmaðurinn rétt á aðgangi að þeim gögnum sem fylgja kröfunni og eftir að hafa kynnt sér þau þá á hann rétt á að tjá sig, samkvæmt 1. mgr. 105. gr. Lögmaðurinn getur, á grundvelli ákvæðis 2. mgr. 84. gr., kært úrskurð dómara til æðra dóms eftir því sem kveðið er á um í 193. gr. laganna, sé krafa um aðgerð tekin til greina.

Með stjórnarsýsluúttektinni vill félagið láta athuga hvort misbrestur sé til staðar í framkvæmdinni og ef svo er að brugðist verði við með viðeigandi hætti.

Eftirlit með símahlustunum og skyldum úrræðum:

ÁBENDING TIL UMBOÐSMANNS ALÞINGIS

Nýlega gaf ríkissaksóknari út skýrslu um eftirlit sitt á grundvelli 3. mgr. 85. gr. sakamála laga vegna ársins 2021. Er þar m.a. að finna tölfræði um fjölda og tegundir aðgerða eftir lögregluembættum og tegundum brota. Í skýrslunni er hins vegar hvergi að finna upplýsingar um fjölda aðgerða þar sem samtöl eða önnur samskipti sakborninga við verjanda sinn koma við sögu eða afdrif þeirra. Hins vegar segir:

„... hefur ríkissaksóknari komist að þeirri niðurstöðu að verulega skortir á að lögreglustjórar og héraðsaksóknari fylgi lögum og fyrirætlunum ríkissaksóknara um tilkynningar til sakborninga, eyðingu hlustunargagna og að halda skrá um þá sem hafa haft aðgang að upplýsingum sem aflað hefur verið með aðgerð skv. 80. – 82. gr. sml. Að sama skapi hefur ríkislögreglustjóri ekki brugðist við í samræmi við það sem áformað var samkvæmt greinargerð með lögum nr. 103/2016, sem er forsenda fyrir því að ríkissaksóknari geti upplýst eftir á hver eða hverjir hafi haft aðgang að upplýsingunum. Þá hafa fyrirætlunir ríkissaksóknara um það fyrirkomulag sem fjallað er um í 4. gr. tilmæla RS: 12/2017, verið virt að vettugi.“

Enn fremur segir í skýrslu ríkissaksóknara:

„... Eins og málið horfir við níuna, tæpum sex árum eftir gildistöku laga nr. 103/2016, má efast um gildi eftirlits ríkissaksóknara með símahlustunum lögreglu og skyldum úrræðum.“

Sérstaka athygli vekur þegar skoðaðar eru sambærilegar skýrslur ríkissaksóknara síðustu ár, eða frá því embættinu var falið umrætt eftirlit með lögum nr. 103/2016, að ríkislögreglustjóri hefur ekki svarað ítrekuðum óskum ríkissaksóknara um upplýsingar. Þá hefur beiðni stjórnar Lögmannafélagsins til ríkislögreglustjóra um upplýsingar varðandi það hvort og þá hversu oft samtöl eða önnur samskipti sakborninga við verjendur sína voru hlustuð á tilteknu árabili, hversu fljótt þessum upptökum var eytt eftir að í ljós kom að um samskipti sakborninga og verjenda var að ræða og hvort hlutaðeigandi aðilum hafi verið tilkynnt um þessar aðgerðir á grundvelli ákvæða 1. og 2. mgr. 85. gr. sakamála laga nr. 88/2008, heldur ekki verið svarað þrátt fyrir ítrekanir. Loks hefur áskorunum stjórnar Lögmannafélagsins til dómsmálaráðherra, um að hann beiti sér í málinu, engum árangri skilað.

Í ljósi framangreinds, og mikilvægi þess að þær upplýsingar sem um ræðir séu aðgengilegar og að eftirlit með beitingu lögreglu á valdheimildum sínum samkvæmt 80. – 82. gr. sakamála laga nr. 88/2008 sé virkt, sendi stjórn Lögmannafélagsins umboðsmanni Alþingis bréf þar sem athygli hans var vakin á þeim alvarlega misbrestum sem er á lögbundinni framkvæmd, með það að markmiði

að hann kannaði hvort tilefni væri til frumkvæðisathugunar samkvæmt ákvæði 5. gr. laga um umboðsmann Alþingis 85/1997. Í svari umboðsmanns kemur m.a. fram að hann ritaði dómsmálaráðuneytinu bréf vegna málsins, sem hafi upplýst að ráðuneytið hafi óskað eftir upplýsingum og skýringum frá öllum lögreglustjórum og héraðsaksóknara, auk þess sem málið hafi verið tekið upp á vettvangi lögregluáráðs. Á grundvelli þessa sé athugun umboðsmanns á málinu lokið að svo stöddu.

Umrætt mál var tekið upp á samráðsfundi fulltrúa Lögmannafélagsins með dómsmálaráðuneytinu og verður einnig fylgt eftir með bréfi til ráðherra þar sem óskað verður eftir afriti af svarbréfum lögregluvalda.

SÖFNUN TIL ÚKRAÍNSKRA LÖGMANNA

Á haustmánuðum barst Lögmannafélagi Íslands ákall frá úkraínska lögmannafélaginu vegna sjóðs sem það hafði stofnað til að veita félagsmönnum styrk sem hefðu misst heimili sín, særst eða gætu ekki aflað sér viðurværis vegna stríðsins. Þá þegar höfðu um 300 lögmennt fengið styrki frá félaginu. Í framhaldinu opnaði LMFÍ sérstakan reikning til að safna fé fyrir úkraínsku systursamtökin og söfnuðust alls kr. 1.280.000,- Ef fleiri lögmennt vilja styrkja kollega í Úkraínu þá er þeim bent á að hafa samband við skrifstofu til að fá upplýsingar um reikningsnúmer.

Félagsdeild LMFÍ:

GÓÐ AÐSÓKN Á NÁMSKEIÐ FÉLAGSINS

Síðustu þrjú ár hafa á bilinu 430 til 530 þátttakendur sótt þau ca 30 námskeið sem félagsdeild stendur fyrir árlega. Alls sótti 241 þau tólf námskeið sem boðið var upp á sl. haust en nú á vorönn hafa 16 námskeið verið auglýst. Með aðild renna lögmennt styrkari stoðum undir sérhæft námskeiðahald sem er hvergi í boði annars staðar. Í staðinn fá þeir 25-30% afslátt af námskeiðum og á lengri námskeiðum getur munurinn verið allt að því það sem kostar að vera í félagsdeild.

Frá árinu 2018 hefur félagsdeild boðið upp á námskeið fyrir sérfræðinga sem vilja gegna störfum dómkvaddra matsmanna. Þótt þeir séu sérfræðingar á sínu sviði vita þeir oft lítið um þær lagareglur sem gilda um störf matsmanna og hefur námskeiðið því verið afar vinsælt. Félagsdeild heldur svo utan um lista yfir þá sem hafa sótt námskeiðið sem er sendur til lögmannt og starfsmanna dómstólanna en nú eru um 180 sérfræðingar á honum.

SKIPULAG OG EIGNARRÉTTUR AÐ FASTEIGNUM - MÁLEFNI 21. ALDARINNAR – 4. MAÍ 2023

Á þessu 13. námskeiði í eignarréttarlínu LMFÍ verður fyrst fjallað með almennum hætti um löggjöf um skipulag og stöðu eignarréttar að fasteignum við framkvæmd skipulags.

Tilkoma og framkvæmd skipulags hefur haft í för með sér margþættar takmarkanir eignarréttar fasteignareigenda, en voru nauðsynleg málamiðlun milli einstaklingseignarréttar og almannahagsmuna. Segja má að skipulagsmálin hafi falið í sér stærsta skref 20. aldarinnar í átt að því að þróa reglur um eignarrétt út frá samfélagslegum sjónarmiðum, en ekki eingöngu sem einkamálefni eigandans. En hvaða kenningar eru ráðandi um íslenskan eignarrétt? Trompar einstaklingseignarrétturinn samfélagslega hagsmuni, eða öfugt? Mjög krefjandi spurningar hafa komið upp á þessum vettvangi á undanförunum árum sem brugðið geta ljósi á þessar grundvallarspurningar. Nægir þar að nefna aðgerðir í kjölfar bankahrunsins og þær miklu eignarskerðingar sem áttu sér stað í Covid-faraldrinum. Þá eru ýmsar áskoranir framundan, eins og t.d. hvort eignarrétturinn sé eða eigi að vera fyrirstaða þegar kemur að aðgerðum til þess að koma í veg fyrir loftslagsbreytingar og hnignun líffræðilegrar fjölbreytni.

Kennarar námskeiðsins munu gera heiðarlega tilraun til þess að svara þessum háleitu en mikilvægu spurningum og setja þær í hagnýtt samhengi með yfirskrift námskeiðsins að leiðarljósi.

Kennarar Karl Axelsson hæstaréttardómari og prófessor og Víðir Smári Petersen lögmaður og dósent við lagadeild Háskóla Íslands.

Staður Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.

Tími Alls 3 klst. **Fimmtudagur 4. maí kl. 13:00-16:00**

Verð 33.000,- (kr. 3.300,- í afslátt fyrir aðild að LMFÍ og LÍ en kr. 8.250,- í afslátt fyrir aðild að félagsdeild LMFÍ).

[SKRÁNING Á NÁMSKEIÐ Á HEIMASÍÐU LMFÍ; WWW.LMFI.IS](#)



NÝR STARFSMAÐUR Á SKRIFSTOFU LMFÍ

Í byrjun febrúar hóf Eva Hrönn Jónsdóttir lögfræðingur störf á skrifstofu LMFÍ tímabundið á meðan Anna Lilja Hallgrímsdóttir er í fæðingarorlofi. Eva Hrönn útskrifaðist með meistaragráðu í lögfræði frá lagadeild Háskólans í Reykjavík árið 2007 og lauk hdl. prófi sama ár. Eva starfaði á OPUS lögmonnum og síðar á Íslensku lögfræðistofunni og hlaut hrl. réttindi árið 2013. Árið 2022 lauk hún BA gráðu í sálfræði frá Háskólanum á Akureyri. Eva mun sjá um eftirlitshlutverk félagsins gagnvart lögmonnum, s.s. starfsábyrgðartryggingar, undanþágur, fjárvörslureikninga ásamt fleiru. Við bjóðum hana velkomna til starfa.

SJÁLFBÆRNI OG UFS

Hinn 10. febrúar síðastliðin bauð LOGOS lögmannsþjónusta upp á fyrirlestur í Hörpu þar sem Róbert Spanó, fyrrverandi forseti Mannréttindadómstóls Evrópu (MDE), nú lögmaður hjá alþjóðlegu lögmannsstofunni Gibson Dunn og prófessor við lagadeild Háskóla Íslands fór yfir störf sín hjá dómstólum auk þess að fjalla um þróun alþjóðareglna um viðskipti og mannréttindi.



F.v. Helga Melkorka Óttarsdóttir og Róbert Spanó.

Einnig fjallaði Róbert um það sem hann kallar lagalegan samruna viðskipta og mannréttinda og vísaði í því sambandi til þess að viðskiptaheimurinn sé orðinn vettvangur mannréttinda-verndar að verulegu leyti. ESG, eða UFS eins og það hefur verið þýtt á íslensku, stendur fyrir þá þætti í rekstri fyrirtækja sem tengjast umhverfi, félagslegum þáttum og stjórnarháttum.

Þrátt fyrir að vera ekki lagalega bindandi hafa meginreglur Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og mannréttindi, frá árinu 2011, haft vaxandi áhrif á túlkun ákvæða mannréttinda-sáttmála Evrópu (MSE). Reglurnar eru þrjúþættar og fela í fyrsta lagi í sér jákvæðar skyldur ríkja til þess að tryggja mannréttindavernd í einkaréttarlegum samskiptum, í öðru lagi er um að ræða eiginlegar ábyrgðarreglur fyrirtækja og félaga um vernd mannréttinda og í þriðja lagi er fjallað um aðgang að réttarúrræðum. Meginreglurnar eru hugmyndafræðilegur grundvöllur regluverks Evrópusambandsins þegar kemur að sjálfbærni og UFS.

Tillaga að tilskipun

Evrópusambandið hefur lagt fram tillögu að tilskipun um áreiðanleikakönnun á sjálfbærni fyrirtækja (Corporate Sustainability Due Diligence). Tillagan felur í sér að félögum verði gert að framkvæma áhættumat um fyrirliggjandi og



Gestir á fyrirlestrinum í Hörpu.

möguleg neikvæð áhrif á mannréttindi og umhverfi af völdum starfsemi þeirra, starfsemi dótturfélaga og í framkvæmdakeðju samstarfsaðila þeirra. Þá mælir hún fyrir um ábyrgð félaga vegna brota á þessum skyldum. Hluti aðildarríkja ESB, þ.m.t. Frakkland og Þýskaland, hafa þegar lögfest reglur um sjálfbæra stjórnarhætti og þó svo að tilskipunin hafi enn ekki tekið gildi í landsrétti aðildarríkja hafa mörg félög og fyrirtæki innan ESB og EFTA nú þegar aðlagð starfsemi sína að henni. Ætla má að orðsporsáhætta og samkeppnishæfni félaga í augum fjárfesta hafi þarna áhrif.

Gildissvið tilskipunarinnar er enn til umræðu en líkur eru á að við innleiðingu hennar í landsrétt muni aðildarríki að einhverju marki geta aðlagð ákvæði um gildissvið að aðstæðum í hverju ríki. Til þess að tryggja að félög uppfylli skyldur sínar skulu aðildarríki gera þeim að:

- Innleiða áreiðanleikakönnun í stefnu sína og stjórnarhætti.
- Greina raunveruleg og möguleg neikvæð áhrif starfsemi sinnar á mannréttindi og umhverfi.
- Koma í veg fyrir og draga úr mögulegum neikvæðum áhrifum og stöðva raunveruleg neikvæð áhrif og lágmarka umfang þeirra.
- Setja á fót og viðhalda kvörtunarferli.
- Fylgjast með virkni áreiðanleikakönnunarstefnu sinnar og þeirra aðgerða sem þau hafa gripið til.
- Birta niðurstöður áreiðanleikakönnunar opinberlega.



Róbert í Hörpu.

Brot á skyldum geta samkvæmt tillöggunni leitt til þess að félög beri einkaréttarlega ábyrgð á neikvæðum áhrifum starfsemi sinnar og skaðabótaskyldu gagnvart þeim sem verða fyrir þeim. Auk þess gera tillögurnar ráð fyrir að aðildarríki geti beitt brotleg fyrirtæki sektum og öðrum þvingunarúrræðum.

Að lokum fjallaði Róbert stuttlega um skyldur aðildarríkja MSE til að sporna við lofslagsvandnum og áhrif þeirra á viðskipta- og rekstrarumhverfi fyrirtækja. Nokkur mál bíða meðferðar yfirdeildar MDE og niðurstöður þeirra gætu haft veruleg áhrif á reglusetningu í aðildarríkjum um starfsemi félaga sem hefur fyrirbyggjandi eða möguleg neikvæð áhrif á þróun loftslagsvandans.

[Eva Hrönn Jónsdóttir](#)



Liðið FC Friday sigraði mótið að þessu sinni og varð fögnuður svo gríðarlegur að sjaldan hefur sést nokkuð svipað í íþróttahúsum landsins.

DRAMI OG DÓMARAMISTÖK

Á JÓLASKÖTUSNAFSAMÓTI LMFÍ 2022

Árlegt Jólaskötusnafsamót LMFÍ í fótbolta var haldið í íþróttahúsi Víkings í Safamýrinni 21. desember 2022 og voru níu lið skráð til leiks frá flestum helstu lögmansstofum landsins. Verndari mótsins var sem fyrr Þórunn Guðmundsdóttir og kærunefnd var skipuð henni og Marteini Mássyni, kærunefnd Teina og Tótu, skammstafað KTT.

Óbærilegur léttleiki tilverunnar

Smári Hilmarsson er upphafsmaður knattspyrnumóta á vegum LMFÍ og hefur stjórnað framkvæmd þeirra allt frá 1995 en í þetta skiptið stóð það afar tæpt vegna fyrirhugaðrar utanlandsferðar kappans. Reykjanesbrautaróveðrið kom þó blessunarlega í veg fyrir þá fyrirætlan og gekk mótið snurðulaust fyrir sig með dyggri aðstoð Eyrúnar.

Virðing og lotning

Reglur eru sérhannaðar fyrir mótið og meðal annars ber yngri leikmönnum og léttari að sýna eldri leikmönnum og þyngri tilhlýðilega virðingu og lotningu. Þessari reglu var að mestu leyti fylgt allt fram að öðrum undanúrslitaleiknum, þar sem FC Friday sigraði naumlega lið ÞrumuGríns. Það var mál manna að það

hafi verið raunverulegur úrslitaleikur mótsins og mögulega hafi dómaramistök ráðið úrslitum þegar ekki var dæmt víti þegar Birkir Smári Guðmundsson var rændur upplögðu marktækiferi.

Úrslitaglíman

Í úrslitaleiknum glímdi FC Friday, með þá bræður Eiríkssyni Tómassonar í broddi fylkingar, síðan við feikna sterkt lið Pacta og hafði sigur í tíðindalitlem leik með glæsilegu marki frá Leó Daðasyni í síðustu spyrnu leiksins. Var síðan fagnað fram eftir nóttu.

Maður mótsins var síðan að sjálfsögðu kosinn Magnús Brynjólfsson, sem bætti eigið met að vera elsti markaskorari í móti Lögmannafélagsins, fyrr og síðar.



Smári Hilmarsson ásamt Magnúsi Brynjólfssyni sem var kosinn maður leiksins.



Erlundur Þór Gunnarsson fyrirliði tekur við eignabikar úr hendi Guðmundar B. Ólafssonar sem er atvinnumaður í að veita verðlaun af virðuleika.



Lið Pacta var í öðru sæti.



Almannarómur taldi að þessir kátu karlar og ungu fírar hefðu verið í þriðja sæti – að minnsta kosti.

Lokastaðan í riðlunum varð þessi:

Riðill A

FC Friday	9 stig
Pacta	9 stig
Logos FC	4 stig – í þriðja sæti (vegna markahlutfalls)
Lögþing	4 stig
Cato	1 stig

Riðill B

Jurball	9 stig
Þrumugrín	4 stig – markahlutfall Þrumugríns betra en Lex.
Lex	4 stig
Krímarnir	0 stig

Efstu 2 liðin í hvorum riðli spiluðu undanúrslitaleiki.

FC Friday sigraði lið Þrumugríns með minnsta mun og lið Pacta sigraði lið Jurball. Því léku lið FC Friday og Pacta til úrslita og lauk þeim leik með sigri FC Friday 1-0. Leikurinn var hnífjafn og réðust úrslitin á lokasekúndunum.

Ekki var spilað um 3. sæti mótsins enda almannarómur að þess þyrfti ekki og hægt að afhenda Þrumugrínina þau verðlaun strax.

[Tómas Jónsson sérlegur ritari fótboltanefndar](#)

ATVINNU- REKSTRAR- BANN OG SKIPTASTJÓRAR



SVEINN ANDRI SVEINSSON, HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR

Þann 16. desember sl., samþykkti Alþingi breytingar á lögum nr. 21/1991 o.fl. um gjaldþrotaskipti o.fl. (gþl) en með þessum breytingalögum var bætt við nýjum kafla í gþl, XXVI. kafla, með kaflaheitinu Atvinnurekstrarbann. Kafli þessi hefur að geyma ellefu nýjar greinar, 180.–190. gr.

Lögbundnar skyldur skiptastjóra skv. gþl eru fyrst og fremst hin hefðbundnu skipti á gjaldþrotabúum; innköllun kröfulýsinga og meðferð þeirra, sala eigna, innheimta krafna, riftun gerninga og úthlutun eigna til kröfuhafa, o.s.frv. Um skyldu sem ekki varðar skiptin sjálf eða kröfuhafa er síðan kveðið á um í 84. gr. gþl., en þar er skiptastjóra gert að tilkynna til héraðssaksóknara um ráðstafanir sem gerðar hafi verið áður en til skipta kom og sem mögulega kunni að vera refsiverðar.

Með hinum nýsamþykktu breytingum á gjaldþrotalögum eru hins vegar lagðar nýjar skyldur á skiptastjóra þrotabúa, sem fyrirsjáanlega munu hafa talsverð áhrif á skipti þrotabúa og störf skiptastjóra og því vert að vekja athygli lögmannna á, enda skiptastjórum efsurleiðis gert að koma fram sem hálfgerðir saksóknarar.

Bann að kröfu skiptastjóra

Í 180. gr. gþl er nú kveðið á um það að við skipti á hlutafélagi eða einkahlutafélagi skuli skiptastjóri krefjast þess að lagt verði þriggja ára atvinnurekstrarbann á þann sem komið hefur að stjórnun félagsins síðustu 18 mánuði fyrir frest dag, enda teljist viðkomandi einstaklingur ekki hæfur til að stýra félagi sem rekið er með takmarkaðri ábyrgð eigenda vegna skaðlegra eða óverjandi viðskiptahátta við stjórnun félags, sbr. 181. gr. Sama

á við um þann sem komið hefur að stjórnun samlagsfélags og ber takmarkaða ábyrgð á skuldbindingum þess.

Í atvinnurekstrarbanni skv. 180. gr., sem við sérstakar aðstæður getur staðið skemur en 3 ár, en stundum í allt að 10 ár (sbr. 182. gr.) felst að þeim sem því sætir er óheimilt að stjórna félagi sem rekið er með takmarkaðri ábyrgð eigenda og fara með prókúru eða annað umboð slíks félags og við mat á því hvort leggja skuli á atvinnurekstrarbann er mælt fyrir um í 2. mgr. 181. gr. að m.a. skuli litið til hlutverks viðkomandi við stjórnun félags, sem og aðstæðna í heild sinni. Skal m.a. horft til þess til hvaða ráðstafana hann hefur gripið til að varna tjóni og athafna hans 18 mánuðum fyrir frest dag. Sá sem sætir atvinnurekstrarbanni getur hins vegar átt félag sem stundar atvinnurekstur.

Mat á því hvenær skuli krefjast atvinnurekstrarbanns er alfarið lagt í hendur skiptastjóra; samkvæmt lögnum getur enginn annar gert kröfu um atvinnurekstrarbann né heldur er gert ráð fyrir að ákvarðanir um slíka kröfugerð séu kynntar á skiptafundi, þó vissulega sé ekkert sem banni hvorki skiptastjóra að kynna hugmyndir um slíka kröfugerð á skiptafundi né kröfuhafa að koma með tillögu þess efnis á skiptafundi. Eina leiðin hins vegar fyrir kröfuhafa í þrotabúi til að koma því til leiðar, gegn vilja skiptastjóra, að krafa um atvinnurekstrarbann verði lagt fram, væri að beina kvörtun til héraðsdóms á grundvelli 76. gr. gþl.

Leiðbeiningar til skiptastjóra

Í greinargerð með frumvarpi að lögnum getur að sjá leiðbeiningar til skiptastjóra um það hvenær rétt sé að krefjast atvinnurekstrarbanns. Ítrekað er kveðið á um í frumvarpinu að

ekki sé meiningin með því að þrengja að frumkvöðlastarfsemi né draga úr hvata til að taka þátt í atvinnustarfsemi. Segir þar að einungis sé ráðgert að atvinnurekstrarbanni sé beitt vegna alvarlegri tilvika og sé þá verið að horfa til „eiginlegs kennitölulflakks“. Hugtakið kennitölulflakk er ekki skilgreint í lögnum sjálfum né öðrum lögum, en í greinargerð með frumvarpinu segir að um kennitölulflakk geti verið að ræða í tveimur tilvikum:

1. Ásetningur hafi staðið til þess í upphafi við stofnun félags að fara á svig við eða gegn lagareglum. Litlar eða engar eignir hafi verið í félagi frá upphafi og tilgangur fyrst og fremst að misnota hlutafélagaformið. Þetta kallar löggjafinn „alvarlegustu tegund kennitölulflakks“.
2. Félag í greiðsluferðleikum sé rekið í þrot og eignir færðar að öllu leyti eða að hluta í nýtt félag á undirverði eða án endurgjalds. „Hið nýstofnaða félag er þá gjarnan starfrækt undir sama nafni og eldra félagið, líkt og engin breyting hafi orðið,“ segir í frumvarpinu og bætt við að skuldir eldra félags séu þá skildar eftir í eldra félaginu sem tekið sé til gjaldþrotaskipta með tilheyrandi kostnaði fyrir kröfuhafa.

Í greinargerð með 181. gr. segir nánar um það skilyrði atvinnurekstrarbanns, að einstaklingur teljist vera óhæfur til að stýra hlutafélagi vegna óverjandi eða skaðlegra viðskiptahátta við stjórnun félags, þurfi að fara fram heildarmat á aðstæðum hverju sinni. Eru síðan rakin nokkur dæmi um slíka háttsemi:

- a. Umfangsmikil vörukaup án þess að líkur séu á greiðslu fyrir þau.
- b. Viðvarandi brot gegn bókhaldslögum.
- c. Tilfærsla eigna úr gjaldþrota félagi á undirverði eða án endurgjalds.
- d. Fyrirtæki hafi verið í viðvarandi vanskilum frá upphafi rekstrar eða vanrækt hafi verið, svo ekki verði um villst, að gefa félag upp til gjaldþrotaskipta.
- e. Einstaklingur hafi ítrekað komið að stjórnun félaga sem tekin hafi verið til gjaldþrotaskipta.

Skiptastjóri skal skv. 183. gr. beina skriflegri kröfu um atvinnurekstrarbann stjórnanda til þess héraðsdóms sem úrskurðaði viðkomandi félag í þrot og skipaði skiptastjórnann. Hinar sérstöku málsmeðferðarreglur XXIV. kafla gbl gilda að öðru leyti um málsmeðferðina og í 184. gr er kveðið á um hvað krafa skiptastjóra um atvinnurekstrarbann skuli innihalda. Dómari skal af sjálfsdáðum kanna hvort tilefni sé til að taka kröfuna til efnislegrar meðferðar eða ekki, en ákvörðun dómara þar að lútandi verður ekki kærð til Landsréttar. Ákveði dómari að taka

málið fyrir á dómþingi sendir hann tilkynningu um fyrirtöku málsins eftir reglum 174. og 175. gr. gbl.

Þau sem krafa beinist að

Sá sem krafa um atvinnurekstrarbann beinist að getur skv. 185. gr. brugðist við innan frests sem dómari setur honum með því að senda skriflega greinargerð eða tilkynna dómara um að hann óski eftir munnlegri málsmeðferð. Dómari getur ákveðið að óska eftir frekari greinargerð frá aðilum telji hann það nauðsynlegt til að upplýsa málið og boðar aðila til aðalmeðferðar hafi beiðni komið fram um munnlegan málflytning eða ef hann telur það annars nauðsynlegt. Við meðferð kröfunnar getur héraðsdómari boðað þann sem krafa um atvinnurekstrarbann beinist að til skriflegrar skýrslugjafar. Kjósi viðkomandi að tjá sig ekki eða upplýsi hann ekki um málsatvik að öðru leyti getur héraðsdómari metið honum það í óhag við úrlausn málsins. Hið sama á við ef sá sem krafa beinist að mætir ekki, hafi hann sannanlega verið boðaður til skýrslugjafar.

Krafa um atvinnurekstrarbann skal skv. 180. gr. beinast að þeim sem „komið hefur að stjórnun félagsins“. Í greinargerð með frumvarpinu er áréttað að þetta eigi ekki bara við um þá sem séu skráðir stjórnendur heldur geti slík kröfugerð einnig beinst að svokölluðum „skuggastjórnendum“, þ.e.a.s. þeim sem í raun starfa sem stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri í félagi án þess að vera skráður sem slíkur.

Hin nýju lög tryggja skv. 186. gr. ákveðna réttarvernd, en þar er kveðið á um dómari skipi þeim sem krafa um atvinnurekstrarbann beinist að málsvara úr hópi lögmanna, krefjist viðkomandi þess eða dómari telur það að öðrum kosti nauðsynlegt og getur dómari ákveðið að þóknun málsvara skv. 1. mgr. greiðist úr ríkissjóði. Dæmdur málskostnaður þess sem úrskurðaður er í atvinnurekstrarbann greiðist í ríkissjóð. Héraðsdómari lýkur málsmeðferð um atvinnurekstrarbann með úrskurði. Skv. 187. gr. frestar kæra til Landsréttar réttaráhrifum atvinnurekstrarbanns. Hið sama á við ef Hæstiréttur fellst á kæruleyfi eða ef fallist er á endurupptöku úrskurðar um atvinnurekstrarbann.

Kostnaður úr ríkissjóði

Eins og alþekkt er, er yfirgnæfandi hluta þrotabúa skipt á grundvelli 155. gr. gbl sem eignalausum. Fjárhæðir sem skiptabeiðendur greiða til tryggingar á þóknun skiptastjóra hrökkva augljóslega ekki til þessa nýja verkefnis. Í ljósi þess og þeirrar staðreyndar að krafa um atvinnurekstrarbann lýtur ekki að hagsmunum kröfuhafa viðkomandi þrotabús, heldur er verið að gæta almannahagsmuna, tryggja lögin skiptastjórum greiðslur úr ríkissjóði fyrir þennan málarekstur. Í 188. gr. er kveðið á um að dómstólasýslan skuli setja reglur um þóknun til skiptastjóra

vegna kröfu um atvinnurekstrarbann. Dómari tekur ákvörðun um þóknun til skiptastjóra og útlagðan kostnað í samræmi við reglur dómstólasýslunnar þar um. Þóknun til skiptastjóra og útlagður kostnaður hans greiðist úr ríkissjóði. Í greinargerð með frumvarpinu er áætlað að kostnaður við hvert mál sé á bilinu hálf til ein milljón kr.

Við þetta lýkur afskiptum skiptastjóra, en skv. 189. gr. skal viðkomandi dómstóll senda staðfest afrit úrskurðar um atvinnurekstrarbann til fyrirtækjaskrár Skattsins, sem halda skal skrá um þá einstaklinga sem úrskurðaðir hafa verið í atvinnurekstrarbann.

Vert er hins vegar að vekja athygli á síðasta ákvæðinu í þessum nýja kafla, 190. gr., en þar er kveðið á um í 1. mgr. að einstaklingur sem brjótí gegn atvinnurekstrarbanni beri persónulega og ótakmarkaða ábyrgð á skuldum og skuldbindingum sem ekki fást greiddar úr þrotabúum þeirra félaga sem hann taki þátt í að stýra enda sé frestdagur innan tímaramma atvinnurekstrarbannsins. Dómari getur síðan skv. 2. mgr. ákveðið að veita undanþágu að öllu leyti eða að hluta frá ábyrgð skv. 1. mgr. eða skv. 3. mgr. ákveðið að ábyrgð skv. 1. mgr. nái að öllu leyti eða að hluta til félaga sem tekin hafa verið til gjaldþrotaskipta og frestdagur er innan árs frá því að atvinnurekstrarbanni lýkur. Við mat skv. 2. eða 3. mgr. skal dómari líta til helstu orsaka gjaldþrots félags og til þess hvort rétt þyki í ljósi allra aðstæðna að viðkomandi beri persónulega og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum þess.

Ýmis álitaeftni

Það eru ýmis álitaeftni sem skiptastjórar standa frammi fyrir við þessa nýju löggjöf. Af nógu er að taka.

Löggjöf af þessum toga er ekki alveg ný af nálinni. Með lögum nr. 56/2019 var m.a. gerð sú breyting að við 262. gr. hgl bættist ný mgr., sem nú er 4. mgr., en þar segir:

Nú er maður dæmdur sekur um brot gegn ákvæði þessu og má þá í dómi í sakamáli á hendur honum jafnframt banna honum að stofna félag með takmarkaðri ábyrgð félagsmanna, sitja í stjórn, starfa sem framkvæmdastjóri eða koma með öðrum hætti að stjórnun eða fara með meiri hluta atkvæðisréttar í slíku félagi í allt að þrjú ár.

Með sömu lögum var lögum nr. 138/1994 um einkahlutafélög (ehf.) breytt þannig að inn í 42. gr. laganna kom sem 1. mgr. svohljóðandi ákvæði:

Stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu þremur árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknáð samkvæmt almennum

hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld.

Svípuð breyting var með lögum 56/2019 gerð á lögum nr. 2/1995 um hlutafélög (hfl), sbr. 1. mgr. 66. gr. laganna.

Fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að lögum um atvinnurekstrarbann að við undirbúning laga nr. 56/2019 um nefndar breytingar á hgl hafi verið ljóst að téð breyting á 262. gr. hgl næði ekki að fullu því markmiði að vernda kröfuhafa og samfélagið í heild fyrir hættu á tapi sem væri líklegt að hlytist af misnotkun á hlutafélagiforminu. Töluverðar líkur væru enda á því að flest þau tilvik sem alvarlegust væru, og líklegust til að valda samfélaginu tjóni, yrðu í tengslum við greiðsluþrot og síðar gjaldþrot félaga. Ekki væri sjálfsgefið að öll mál af því tagi kæmu til meðferðar dómstóla í formi sakamáls. „Í þessu frumvarpi er því lagt til að mögulegt verði að úrskurða þann sem ekki telst hæfur til að stýra hlutafélagi vegna skaðlegra eða óverjandi viðskiptahátta í atvinnurekstrarbann og eru þær breytingar nauðsynleg viðbót til fyllingar þeim breytingum sem gerðar voru með lögum nr. 56/2019.”

Ákvæði 4. mgr. 262. gr. hgl felur í sér refsikennd viðurlög í formi réttindamissis en bannákvæði 1. mgr. 42. gr. ehfl og 1. mgr. 66. gr. hfl eru stjórnisýsluleg ákvæði um réttindamissi; afleiðing af refsivíðurlögum. Í greinargerð með frumvarpinu um atvinnurekstrarbannið segir að tilgangur bannsins sé ekki refsing, heldur að vernda samfélagið og almenning fyrir misnotkun á hlutafélagiforminu; ákvæði frumvarpsins séu samin með undirliggjandi almannahagsmunum. En hvað sem þessum orðum líður, þá eru hin nýju ákvæði gpl um atvinnurekstrarbann til fyllingar 4. mgr. 262. gr. hgl og því væntanlega með sama hætti refsikennd viðurlög. Þar með gætu menn haldið því fram að túlkun og beiting ákvæða XXVI. kafla gpl skuli lúta sömu reglum og eiga við um refsíákvæði. Einnig er það álitaeftni hvort beiting þessarar ákvæða geti haft sömu réttarverkan og refsíákvæði.

Ýmis háttsemi í tengslum við rekstur og einstakar ákvarðanir stjórnenda félaga, skömmu fyrir gjaldþrot getur verið refsiverð, sbr. ákvæði 4. t. l. 1. mgr. 250. gr. hgl, þar sem segir að refsa megi hverjum þeim fyrir skilasvik sem:

Skerðir rétt einhvers lánardrottins síns til þess að öðlast fullnægju af eignum hans með því að gefa rangar upplýsingar, með undanskoti eigna, málamyndagerningum, ótilhlýðilega miklum gjöfum eða mikilli eyðslu, sölu eigna fyrir óhæfilega lágt verð, greiðslu eða tryggingu ógjaldkræfra krafna eða tiltölulega hárra gjaldkræfra krafna, stofnun nýrra skulda, sem að mun rýra efnahag hans, eða með öðrum sviðuðum hætti.

Eins og rakið var hér að framan er unnt skv. 1. mgr. 42. gr. ehfl og 1. mgr. 66. gr. hfl unnt að meina þeim einstaklingum sem gerst hafa sekir um skilasvik eða önnur refsiverð brot skv. hgl eða sérrefsiákvæðum að stjórnna eða eiga í félögum. Hafi hins vegar ekki verið höfðað refsímál á hendur stjórnanda félags þá leiðir aðeins hluti þeirrar háttsemi sem lýst er í 4. tl. 1. mgr. skilasvikaákvæðisins í 250. gr. hgl til þess að unnt sé að krefjast og úrskurða einstakling til þess að sæta atvinnurekstrarbanni skv. XXVI. kafla gþl; annars vegar mikil eyðsla og stofnun nýrra skulda (umfangsmikil vörukaup án þess að líkur séu á greiðslu fyrir þau) og hins vegar ótilhlýðilega miklar gjafir eða sala eigna fyrir óhæfilega lágt verð (tilfærsla eigna úr gjaldþrota félagi á undirverði eða án endurgjalds), enda rýri þessi háttsemi efnahag félagsins að mun.

Önnur háttsemi sem lýst er í 4. tl., eins og rangar upplýsingar um félag, málamyndageringar, greiðsla eða trygging ógjaldkræfra krafna eða tiltölulega hárra gjaldkræfra krafna, getur því ekki orðið grunnur að atvinnurekstrarbanni skv. XXVI. kafla gþl. Sömu sögu er að segja um stjórnanda sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi gerist sekur um meiri háttar brot gegn lögum um tekjuskatt, virðisaukaskatt eða staðgreiðslu, sbr. 1.- 3.mgr. 262. gr. hgl.

Í 181. gr. gþl er að hluta til lýst háttsemi sem varðar þeim refsikendu viðurlögum að hinum brotalega er meinuð aðkoma að stjórnun félaga, en er ekki refsiverð í öðrum lögum, n.tt. að ásetningur hafi verið við stofnun félags til að fara á svig við lög og litlar eða engar eignir hafi verið í félagi frá upphafi og tilgangur fyrst og fremst að misnota hlutafélagiformið, að fyrirtæki hafi verið í viðvarandi vanskilum frá upphafi rekstrar eða vanrækt hafi verið, svo ekki verði um villst, að gefa félag upp til gjaldþrotaskipta eða einstaklingur ítrekað komið að stjórnun félaga sem tekin hafi verið til gjaldþrotaskipta. Það er því um óplægðan akur er að ræða þegar kemur að túlkun ákvæðisins að þessu leyti.

Út frá sönnunarreglum refsiréttarins kann að reynast þrautin þyngri fyrir skiptastjóra að sýna fram á upphaflegan ásetning stjórnanda félags að fara á svig við lög og reglur eða misnota hlutafélagiformið. Í dómaframkvæmd hefur í nokkur skipti hins vegar reynt á bótaábyrgð stjórnenda sem hafa ekki hafa uppfyllt þá skyldu sína að gefa félag upp til skipta. Slík ógjaldfærni félags hefur þurft að vera nokkuð ótvíræð svo að varðaði bótaábyrgð að fara ekki með félag í þrot, auk þess sem raunhæfar aðgerðir til bjargar ógjaldfæru félagi geta leyst stjórnendur undan bótaábyrgð. Til að beita þeim refsiviðurlögum sem lýst er í XXVI. kafla gþl þarf ógjaldfærni félags að vera enn afdráttarlausari.

Við gerð kröfu um atvinnurekstarbann skiptastjóra gæti komið til skoðunar hvort að úrskurður dómara um atvinnurekstarbann teljist til refsingar í skilningi 4. gr. 7. sammingsviðauka mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 (MSE). Almenn er gerður alger skilsmunur á refsingum (fangelsi og sektir) og réttindamissi (t.d. missi ökuréttinda eða sviptingu starfsleyfa). Línan þarna á milli getur verið óskýr. Um hvenær réttindamissir geti verið refsing fjallar Róbert Spanó í riti sínu *Ne bis in idem*, (m.a. á bls. 82-91) og eru þar t.d. rakin dæmi frá Hæstarétti Noregs þar sem annars vegar tímabundin afturköllun á leyfi til til að annast miðlun sjávarafurða og hins vegar afturköllun leyfis til fiskveiða í efnahagslögsögunni er talið vera refsing í skilningi MSE.

Hafi verið höfðað refsímál á hendur stjórnanda vegna t.d. skilasvika eða brota á bókhaldslögum, gæti mögulega komið til álita að kröfu skiptastjóra um atvinnurekstarbann á grundvelli undanskots eigna, umfangsmikilla vörukaupa eða viðvarandi brota gegn bókhaldslögum yrði að vísa frá dómi á grundvelli meginreglunnar um *ne bis in idem*, eða bann við tvöfaldri refsingu og refsimeðferð, ef halda mætti því fram að sömu atvik eða að öllu verulega leyti sambærileg atvik lægju til grundvallar endurtekinni refsikendri meðferð.

Með sama hætti, hafi ekki verið höfðað refsímál gegn stjórnanda félags vegna nefndra brota, gæti krafa skiptastjóra og úrskurður dómara um atvinnurekstarbann mögulega leitt til þess að síðari tíma ákæru héraðssaksóknara um sama sakarefni yrði vísað frá dómi á grundvelli *ne bis in idem*.

Í lokin

Breytingalögin eru nr. 133/2022 og tóku gildi 7. janúar 2022. Ekki er mælt fyrir um það í lögum til hvaða háttsemi í tíma lögin taki til. Í ljósi þess að lögin leggja skyldur á skiptastjóra gjaldþrotabús þess félags sem er undir skiptum, er ljóst að ákvæði XXVI. kafla gþl ná ekki til stjórnenda þrotabúa þar sem skiptum er lokið; skiptastjóri hefur þar lokið störfum. Í ljósi 69. gr. stjórnarskrárinnar um bann við afturvirkni refsíákvæða kemur til skoðunar hjá skiptastjóra og dómara hvort að ámælisverðir stjórnarhættir sem eiga sér stað fyrir birtingu laganna, og voru fyrir gildistíma laganna ekki þá þegar refsiverðir og leitt gátu til banns skv. 4. mgr. 262. gr. hgl, geti varðað atvinnurekstrarbanni. Svipað álitamál vaknar um það viðmið sem rakið var hér að framan um að einstaklingur hafi ítrekað komið að stjórnun félaga sem tekin hafi verið til gjaldþrotaskipta, þ.e.a.s. hvort að háttsemi við stjórnun félaga sem tekin hafi verið til gjaldþrotaskipta og jafnvel verið lokið skiptum á áður en lögin tóku gildi, hafi slík ítrekunarhrif sem greinargerð með 181. gr. kveður á um.

MARKAÐSPREIFINGAR– 25. APRÍL 2023

Við innleiðingu á Markaðssvikareglugerð ESB (MAR) í íslenskan rétt í september 2021 voru kynntar til sögunnar reglur um svokallaðir markaðspreifingar (e. market sounding). Í markaðspreifingum er verið að kanna áhuga mögulegra fjárfesta á hugsanlegum viðskiptum með skráða fjármálagerninga, ræða verðhugmyndir, umfang viðskipta o.fl. Í Bandaríkjunum er þetta oft nefnt „testing the waters“. Við slíkar aðstæður er möguleiki að innherjaupplýsingum sé miðlað til þessara fjárfesta. Miðlun innherjaupplýsinga er að meginstefnu óheimil en telst lögmæt ef hún er í eðlilegu sambandi við starf, stöðu og skyldu viðkomandi. Fara þarf því varlega í að miðla innherjaupplýsingum við slíkar aðstæður.

Til að veita aðilum í markaðspreifingum ákveðið öryggi og vissu um að miðlun innherjaupplýsinga sé í samræmi við lög hafa reglur MAR um markaðspreifingar verið kynntar til sögunnar. Reglurnar fela í sér verndarsvæði (e. safe harbour) fyrir aðila í markaðspreifingum. Það þýðir að ef farið er eftir kröfum MAR og afleiddra reglna um markaðspreifingar eru aðilar öruggir um að miðlun innherjaupplýsinganna sé lögmæt. Reglurnar eru valkvæðar en veita aðilum þessa vissu að ekki sé verið að miðla innherjaupplýsingum með ólögmætum hætti.

Á námskeiðinu verður farið yfir þær reglur sem gilda um markaðspreifingar í dag. Farið verður yfir miðlun innherjaupplýsinga, hvaða kröfur þarf að uppfylla samkvæmt reglum MAR og afleiddri löggjöf til að falla undir verndarsvæðið og fleiri praktísk atriði, t.d. varðandi innherjalista. Reglurnar hafa ekki einungis þýðingu fyrir þá aðila sem stunda markaðspreifingar heldur einnig þá fjárfesta sem eru „móttakendur“ markaðspreifinga.

√ **Prófnefnd verðbréfavíðskipta hefur metið námskeiðið til tveggja klst. fyrir þátttakendur sem eru með verðbréfaréttindi.**

Kennari Dr. Andri Fannar Bergþórsson, dósent við lagadeild HR og lögmaður hjá ADVEL lögmonnum
Staður Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík
Tími **Alls 2 klst. Þriðjudagur 25. apríl 2023 kl. 11.00-13.00.**
Verð kr. 22.000,- (kr. 2.200,- í afslátt fyrir aðild að LMFÍ og LÍ en kr. 5.500,- í afslátt fyrir aðild að félagsdeild LMFÍ).

EINKAHLUTAFÉLÖG OG HLUTAFÉLÖG – 27. APRÍL 2023

Farið verður yfir samruna- og skiptingar ehf. og hf., út frá félaga- og skattarétti og komið inn á praktísk dæmi úr framkvæmdinni. Að auki verður farið yfir sérstakar reglur og álitaefni út frá skattaréttinum sem getur reynt á í tengslum við samruna eða skiptingar. Tekin verða ýmis dæmi úr úrskurða- og dómaframkvæmd þar sem reynt hefur á ákvæði hlutafélagalöggjafarinnar og tekjuskattslaga.

√ **Prófnefnd verðbréfavíðskipta hefur metið námskeiðið til tveggja klst. fyrir þátttakendur sem eru með verðbréfaréttindi.**

Kennari Guðbjörg Þorsteinsdóttir lögmaður hjá Deloitte Legal ehf.
Staður Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík
Tími **Alls 2 klst. Fimmtudagur 27. apríl 2023 kl. 11.00-13.00**
Verð kr. 22.000,- (kr. 2.200,- í afslátt fyrir aðild að LMFÍ og LÍ en kr. 5.500,- í afslátt fyrir aðild að félagsdeild LMFÍ).

SKRÁNING Á NÁMSKEIÐ Á HEIMASÍÐU LMFÍ; WWW.LMFI.IS

TEKIST Á UM KJARADEILUR



Lára V. Júlíusdóttir.



Magnús M. Norðdahl.



Frá vinnuréttarfundum.

Stendur embætti ríkissáttasemjara laskað eftir nýafstaðna samningalotu og var Félagsdómur of svifaseinn og hikandi? Er þörf á lagabreytingu? Um þetta var tekist á fjölsóttum fundi Vinnuréttarfélag Íslands 6. mars síðastliðinn en þar fluttu Lára V. Júlíusdóttir lögmaður hjá lögmonnum Laugavegi 3 og Magnús M. Norðdahl lögfræðingur ASÍ erindi.

Lára sagði í upphafi að nýr taktur hefði verið sleginn við kjarasamningsgerð og að reynt hefði á þölmörk rammans um kjarasamninga.

Í fyrsta lagi hefði Félagsdómur, 6. febrúar síðastliðinn, klofnað í afstöðu sinni til þess hvort boðað verkfall væri ólögmætt þar sem fyrir lægi óafgreidd miðlunartillaga. Þar hefði meirihlutinn, þrjú dómarmenn af fimm, talið verkfallsréttinn ekki eiga að skerðast þrátt fyrir framlagningu miðlunartillögu, sem ekki var hægt að greiða atkvæði um þar sem Efling synjaði um afhendingu kjörgagna, m.a. með vísan til þess að í gangi væri mál til að fá þau gögn afhent. Meirihlutinn hefði ekkert fjallað um heimild sáttasemjara skv. 26. gr. laga númer 80/1938 né ákvæði 60. gr. stjórnarskrár um skyldu til að hlíta lögum fyrir mælum yfirvalda. Minnihluti Félagsdóms, tveir dómarmenn af fimm, vildi banna verkfallið þar sem Efling hindraði sáttasemjara með ólögmætum hætti í að fylgja eftir þeirri meðferð sem lög bjóða og byggði það á 60. gr. stjórnarskrárinnar.

Í öðru lagi þá hefði Landsréttur snúið við úrskurði héraðsdóms um aðför í kjörgögn og talið að Eflingu væri ekki skylt að afhenda þau, þrátt fyrir skýr lagaákvæði í 26. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur um skyldur aðila til afhendingar allra gagna, og

rökstutt niðurstöðu sína með vísan til 44 ára gamallar þingræðu. Niðurstaða Láru var að embætti ríkissáttasemjara væri laskað, Félagsdómur of svifaseinn og hikandi. Þá hefðu rök Landsréttar verið ófullnægjandi og sárlega skort hér niðurstöðu Hæstaréttar. Hún taldi að nú væri nauðsyn á viðtækri sátt um réttarbætur og að þörf væri á lagabreytingu.

Magnús var ósammála Láru um Félagsdóm og sagði hann oftast gefa málsaðilum einungis nokkrar klukkustundir til þess að þingfesta mál, gera greinargerð og vera komin í málflytning. Þá sagðist hann ekki telja neina þörf á lagabreytingum en væru þær ekki gerðar í viðtækri sátt allra aðila þá fengist ekki niðurstaða. Lögin hefðu virkað ágætlega og m.a. væri komin friðarskylda í þessum stuttu samningum.

Fundurinn var jafnframt aðalfundur Vinnuréttarfélag Íslands, sá fyrsti síðan 2015, en nú samþykkti það að verða undirfélag Lögfræðingafélags Íslands. Lára V. Júlíusdóttir var kosin formaður en hægt er að lesa nánar um félagið á heimasíðunni www.logfraedingafelag.is.

Eyrún Ingadóttir



JÓNAS HARALDSSON FÆDDIST Í REYKJAVÍK 21. APRÍL 1945. HANN LAUK STÚDENTSPRÓFI FRÁ VERSLUNARSKÓLA ÍSLANDS 1966, EMBÆTTISPRÓFI Í LÖGFRÆÐI FRÁ HÍ 1972, VARÐ HÉRAÐSDÓMSLÖGMAÐUR 1975 OG HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR ÁRIÐ 2001.

JÓNAS VAR SKRIFSTOFUSTJÓRI OG LÖGFRÆÐINGUR HJÁ LÍÚ 1972-1999 OG SJÁLFSTÆTT STARFANDI LÖGMAÐUR FRÁ 1999 – 2017.

JÓNAS KVÆNTIST GUÐNÝJU JÓNASDÓTTUR FV. MENNTASKÓLAKENNARA ÁRIÐ 1969 OG EIGA ÞAU TVÖ BÖRN; VALGERÐI VERKEFNASTJÓRA Í HÚSI VIGDÍ SAR FINNBOGADÓTTUR OG JÓNAS ÞÓR HÆSTARÉTTARLÖGMANN EN ÞEIR FEÐGAR RÁKU LÖGMANNSSTOFUNA SAMAN FRÁ 2013.

HEF VIRKILEGA REYNT AÐ VERA TIL VANDRÆÐA

Jónas Haraldsson hefur migið í saltan sjó og var heppinn að drukkna ekki er hann dróst út með veiðarfærunum á dragnótabátnum Breiðfirðingi RE er hann var ungur maður. Hann varð lögfræðingur útgerðarmanna og síðar vélstjóra, skilaði fyrst inn hæstaréttarlögmansréttindunum og svo héraðsdómslögmansréttindunum þegar hann hætti. Síðan þá hefur hann reynt að vera til vandræða og hefur meðal annars notið sín í að slást við stórveldið Kína milli þess sem hann hlustar á gítarsóló Eric Clapton í laginu Crossroads með Cream.

Ætlaði að verða skipstjórnarmaður

Varst þú alltaf ákveðinn í því að læra lögfræði?

Nei, það var eiginlega tilviljun. Ég hafði frá því ég var ungur ætlað að verða skipstjórnarmaður eins og afi minn, Jónas Jónasson togaraskipstjóri. Nýorðinn 15 ára var ég kominn í tveggja mánaða saltfisktúr á togara bæjarútgerðarinnar og var síðar á fleiri togurum á sumrin, á eyrinni, við hellulögn og víðar.

Ég fór hins vegar í Verslunarskólann og svo var ýtt á mig að fara í lærdómsdeildina að taka stúdentspróf. Það voru einungis tvö fög sem komu til greina eftir það, viðskiptafræði eða lögfræði, sem ég valdi. Það varð því ekkert úr því að ég færi í Stýrimannaskólann en ég var í lögfræðistörfum mínum tengdur sjómennskunni, bæði á vegum LÍÚ og einnig eftir að ég opnaði lögmansstofu.

Hvernig var að vera á sjó á þessum árum?

Sjómennskan mótaði mig mjög og hafði mikil áhrif á mig síðar á lífsleiðinni, þar var líka talað tungumál sem skildist. Til dæmis þá hef ég gengið með vasahníf frá því að ég var á togaranum Karlsefni árið 1964. Við vorum að gera við rífið trollið og bátsmaður þar hneykslaðist á því að ég væri ekki með vasahníf, án hans væri ég jafn gagnslaus og ...! (Orð sem blaðamaður Lögmannaþáttarinn telur ekki birtingarhæf). Vegna þessara orða bátsmannsins hef ég alla tíð síðan gengið með vasahníf og jafnvel annan til öryggis, enda alltaf viljað koma að gagni í vinnunni, sama hvar.

Þá nefni ég til gamans, að þegar ég var á togaranum Júpíter RE við Grænland var oft skítakuldi og lélegt fiskerí, þegar kom að því að kippa milli veiðisvæða, þá kallaði skipstjórinn í mig að stýrinu. Ég var dauðfeginn að komast inn í hitann en skipsfélagar mínir á dekkinu kvörtuðu yfir því að ég væri alltaf kallaður til en aldrei þeir. Ég hélt auðvitað að þetta væri vegna þess að ég kunni kompársósina utanað og væri að auki vandvirkur en þá svaraði skipstjórinn: „Hann Jónas? Það er af því að hann kann að halda kjafti.“ Hann vildi þá bara fá að vera í friði en þetta hafði þá ekkert að gera með meintan hæfileika minn eftir allt saman, sem ég auk þess glataði líka fljótt.

Ekki verið að skafa utan af hlutunum

Svo fyrstu að vinna fyrir útgerðarmenn í landi?

Já, að námi loknu árið 1972 var ég ráðinn til Landsambands íslenskra útgerðarmanna sem lögfræðingur og skrifstofustjóri. Starf sem passaði vel við minn bakgrunn. Ég sá meðal annars um skipasölu, gætti hagsmuna útgerðarmanna í kjarasamningum og Félagsdómi og flutti mörg mál, sjóaramál og fyrir einstaka útgerðir. Starfinu fylgdi að sitja í ýmsum nefndum og ráðum tengdum sjávarútveginum, jafnframt að taka þátt í endurskoðun sjómanna- og siglingalaga og annarra laga varðandi sjávarútveginn.

Hvaða nefnd er þér minnisstæðust?

Það er tvímælalaust Rannsóknarnefnd sjóslysa. Á þessum árum var mikið um sjóslys en mér er málið skylt þar sem ég hafði sjálfur slasast sem sjómaður. Árið 1962 var ég á togaranum Péttri Halldórssyni RE þegar vír slóst í fótinn og ég þurfti að fara á spítala. Þá var ég á dragnótabátnum Breiðfirðingi RE, árið 1964, þegar ég dróst út með veiðarfærunum. Varð það mér til mér til lífs að ég náði að kalla til skipsfélaga minna sem voru á dekkinu. Þeir náðu að snúa bátinum og draga mig upp en þá var mjög af mér dregið og mátti litlu muna að ég druknaði.

Mikil átök voru um sjóslysamálin á þessum tíma og ekki verið að spara stóru orðin. Segja má að lítið hafi verið um þéringar manna á milli oft á tíðum. Sérstaklega gilti þetta um sjósetningarbúnað gúmbáta. Sem dæmi mátti lesa m.a þetta í Morgunblaðinu 27. janúar 1996: „En viti menn, þá vaknaði gamli „draugurinn“ upp með óhljóðum. Jónas Haraldsson lögfræðingur Landssambands ísl. útvegsmanna og hóf enn einu sinni, ennþá einu sinni, já í eitt skiptið enn að andskotast út í öryggismál sjómanna... og staðreyndin er einfaldlega sú, að Jónas Haraldsson hefur logið sig áfram í þessu máli jafn rólega og maðurinn mjakast áfram í moldinni.“ Svo furða menn sig á því, að maður skuli sakna gömlu góðu daganna!

Bannaði mér að koma í jarðarförina sína

Eru einhver mál eftirminnanlegri en önnur?

Ég hef flutt mýmörg dómsmál og misáhugaverð á starfstíma mínum fyrir héraði, Landsrétti, Hæstarétti og Félagsdómi. Ég ætla hér þó að nefna það síðasta af sérstökum ástæðum. Það var mál sem fyrrverandi formaður VM Félags vélstjóra og málmteknimanna, og vinur minn í gegnum árin, höfðaði gegn því. Taldi hann að breyting, sem gerð hafði verið á lögum félagsins, stæðist ekki og stefndi því félaginu. Ég sem lögmaður þeirra til margra ára, sem hann hafði sjálfur ráðið, var félaginu til varnar. Hann vann málið í héraði en tapaði því í Landsrétti. Nokkrum dögum seinna hringdi hann til að tilkynna mér að hann bannaði mér að koma í jarðaför sína þegar þar að kæmi. Kannski á lögmaður að líta svo á að sigur í dómsmáli geti ekki verið sætari en þetta en ég gat það ómögulega í þessu tilviki.

Er maðurinn enn á lífi?

Já, og að sjálfsgöðu mæti ég ekki þegar þar að kemur, það segir sig sjálf. Þessi sami maður var einu sinni í viðtali spurður um samskipti þeirra sem hefðu staðið í deilum og átökum og hann nefndi samskipti okkar tveggja sem dæmi en við höfðum setið sitt hvoru megin við borðið í mönnunarnefnd og undanþágunefnd í 15 ár eða meira. Hann sagði: „Við rifumst þar meira en nokkrir aðrir menn, það hvein í okkur. Oft þegar við vorum svo að labba út hnippi hann [Jónas] í mig og sagði. „Blessaður maður þetta er bara vinnan!“ Menn eru einfaldlega fulltrúar tveggja ólíkra aðila með sitt hvort sjónarmið og hagsmunum. Menn halda eðlilega sínum sjónarmiðum fram og svo er það bara búið.“ Nú gildi þetta greinilega ekki lengur hjá honum.

Skilaði inn hæstaréttarlögmannsréttindunum

Hvað fyrstu að gera eftir að starfi þínu lauk hjá LÍÚ?

Ég starfaði hjá LÍÚ til ársins 1999, eða í 27 ár, en þá var skipt um framkvæmdastjóra og ég látinn hætta. Eftir það opnaði ég lögmannsstofu með Friðriki Á. Hermannssyni hdl., en hann fórst ásamt eiginkonu sinni í hörmulegu sjóslysi á Viðeyjarsundi árið 2005. Þá var sonur minn, Jónas Þór, kominn til starfa á stofunni og við unnum saman þar til ég hætti störfum. Helstu störf mín sem lögmaður voru áfram að vinna að launamálum sjómanna og slysamálum. Einnig starfaði ég sem lögmaður Vélstjórafélagsins og síðar hinna og þessara sjómannafélaga, bæði yfir- og undirmanna. Þótt áherslur og sjónarmið stéttarfélaganna væru önnur en útgerðarmanna í kjarabaráttunni, þá var verið að fjalla um sömu lögfræðilegu atriðin. Þetta var bara vinnan mín.

Ég varð hæstaréttarlögmaður árið 2001 og tók fimm mál, eða fleiri mál en nokkur annar hefur tekið. Ástæðan var sú að ég byrjaði að taka prófmál þegar fjögurra mála reglan var við lýði en síðan breyttust reglurnar og málin urðu þrjú. Þá var ég búinn



Afi Jónasar, Jónas Jónasson skipstjóri og Jóhannes Kjarval voru skútufélagar sem ungir menn og þegar Jónas eldri varð 65 ára árið 1943 þá kom Kjarval með myndina aftan við Jónas, nýmálaða og blauta, af skútunni sem þeir voru á.

með tvö mál í gamla kerfinu en ákvað að fara bara í nýja kerfið og byrja upp á nýtt. Ég skilaði síðan inn réttindunum.

Af hverju gerðir þú það?

Opinbera skýringin er sú að ég varð ekkert betri lögmaður við það að fá hæstaréttarlögmannsréttindi. Svo var það reyndar borið upp á mig, að ég hefði tekið einn „Jón Steinar“ á Hæstarétt, sem sé orðið grautfúll yfir því að Hæstiréttur sæi ekki réttu lögfræðina, þ.e mína, og látið mig tapa málinu, sem ég mun að sjálfsögðu aldrei viðurkenna. Enda þótt hæstaréttarlögmannsréttindin væru innlögð þá gat ég flutt áfram mál fyrir Hæstarétti á grundvelli 30 mála reglunnar. Reyndar var það erfitt fyrir mig að flytja

fyrsta málið eftir að hafa skilað inn réttindunum, „hent þeim í hausinn á hæstaréttardómurinum í fylukasti“ eins og einhver ósmekklegur lögmaður orðaði það.

Hvenær hettir þú svo í lögmennsku?

Ég hætti árið 2017, enda orðinn leiður á því að vera að slást við einstaklinga, fyrirtæki eða stofnanir. Ég var enn með það miklu lífsmarki að ég losaði mig við lögmannsréttindin og var þá ekki lengur bundinn af siðareglum lögmannna. Síðan þá hef bara reynt að vera virkilega til vandræða, loksins, og hef notið mín í því að slást við heimsveldi eins og Kína og síðar Rússland, svona til að vita hvaða umsögn maður fái hjá þeim.



Jónas 15 ára gamall á leið í sinn fyrsta túr en þá fór hann á Þorsteini Ingólfssyni RE-206 á saltfisk við Vestur-Grænland og tók túrinn tvo mánuði.

Kínverska heimsveldið á ekki séns í mig!

Hvernig kom það til að þú fórst á svartan lista hjá Kínverjum?

Upphaf málsins má rekja til þess að ég hafði árið 2005, sem næsti nágranni við kínverska sendiráðið sem þá var að Víðimel 29, komið í veg fyrir að þeir fengju að nota garðinn undir bílastæði. Árið 2013 skrifaði ég grein í Morgunblaðið og kvartaði yfir niðurníðslunni og sóðaskapnum í þessum sama garði. Síðan skrifaði ég aðra grein um yfirgang og sóðaskap kínverskra ferðamanna og nokkrar greinar um kínversku Covid 19 veiruna, sem tröllreið heiminum. Það endaði svo með því að í apríl 2021 var ég kallaður í utanríkisráðuneytið, þar sem mér var afhent bréf frá kínverska sendiráðinu og mér tilkynnt að ég væri kominn á svartan lista. Í bréfinu stóð að skrif mín „skaði hagsmuni og fullveldi Kína af illgírni með því að dreifa lygum og fölskum upplýsingum“. Ég er eini Íslendingurinn á þessum

lista, sem menn hafa öfundað mig af að vera á af einhverjum ástæðum. Ég hef oft verið spurður af því af hverju ég hafi verið að kljást við Kínverja, þessa fjölmennustu þjóð heimsins með sína 1,4 þúsund milljónir íbúa. En eins og allir vita, þá er það ekki magnið eða fjöldinn sem ræður úrslitum heldur gæðin. Af þeim ástæðum áttu kínversku heimsvaldasinnarnir aldrei möguleika gegn mér, staðreynd sem þeir verða bara að reyna að setta sig við!

Svo skvettir þú rauðri málningu á rússneska sendiráðið, ekki rétt?

Jú það er rétt, mér blöskraði svo framganga þeirra í Úkraínu að ég gat ekki á mér setið. Það gekk svo fram af mér að sjá myndir af myrtum Úkraínumönnum og alla eyðilegginguna frá rússnesku fjöldamorðingjunum, ég ætla bara ekki að lýsa því. Ég var mest hissa á því að ekki skyldu fleiri taka upp á því

hérlandis sem erlendis að skvetta rauðri málningu á sendiráð þeirra, þ.e. á sendiráðsskiltin. Ég frétti svo að listakonurnar í Pussy Riot hefðu verið mjög hrifnar af þessu framtaki mínu. Rússar létu málið niður falla. Leggja ekki í mig að því er virðist.

Silfra orðin að útisundlaug

Svo barðist þú fyrir því að froskköfun í gjánni Silfru á Þingvöllum væri bönnuð og sendir kvörtun til Heimsminjaskrifstofu UNESCO?

Jú, og enda þótt ég hafi ekki haft sérstaka tengingu við Þingvelli, eða afskipti af náttúruvernd, þá var mér öllum lokið að sjá hvernig komið var. Silfra liggur, eins og allir vita, í hjarta friðlýstra Þingvalla, þessa helgasta staðar okkar Íslendinga þar sem eingöngu hinn gangandi eða fuglinn fljúgandi ætti að fara um. Allt var morandi í froskköfum, og öllu því hafurtaski sem þeim fylgir, og meira að segja búið að smíða stærðar stálstiga niður í gjána. Þennan óhugnað hafa flestir séð með eigin augum og passar illa við fullyrðinguna í bæklingi um Þjóðgarðinn að öll starfsemin sé í samræmi við markmið um verndun, sjálfbærni og virðingu staðarins.

Eftir að hafa skrifað margar greinar í Morgunblaðið kvartaði ég árið 2019 til heimsminjaskrár UNESCO yfir þessu. Erindi mínu var hafnað en ekkert minnst þar á náttúruvernd. Sagt var að köfunin myndi gefa gestum Þingvalla kost á að upplifa staðinn á nýstárlegan og fræðandi hátt. Væri búið að reikna út að gjáinn þylði 76.000 gesti á ári, sem gætu þannig kynnt sér jarðfræði gjárinna. Í mínum huga er Silfra aftur á móti fjölmennasta útisundlaug landsins, þar sem 80% froskkafaranna eru eingöngu að busla (snorkla) á yfirborðinu! Síðan er þetta kallað náttúruupplifun en er ekkert annað en skemmtileg afþreying í sérstökum búningi. Árið 2017 höfðu fimm látist í

gjánni og aðrir fimm orðið fyrir alvarlegum skaða. Niðurstaðan liggur þarna fyrir og sýnir að öllum er nákvæmlega sama um náttúruvernd Þingvalla og hvernig farið er með staðinn meðan ferðaþjónustan getur grætt með sinni afþreyingarstarfsemi.

Gítarsóló Eric Clapton sá besti

Hefur þú einhver áhugamál?

Áður fyrr gekk ég mikið með Ferðafélagi Íslands og fékk gullmerki félagsins fyrir fararstjórn, lögfræðiaðstoð o.fl., sem ég er mjög sæll með. Í dag er ég orðinn slæmur til heilsunnar og hef m.a. farið í hjartaaðgerð. Ég hef þó engin sérstök áhugamál. Ég hlusta þó mikið á allra handa músík, einkum blús. Ég hef mikið í gegnum árin hlustað á sama lagið, þ.e. Crossroads með hljómsveitinni Cream. Um þetta lag sagði nýlega í tónlistarblaðinu Classic Rock: „Today it is seen as one of the most magnificent four minutes of live rock ever recorded.“ Þá er ég sammála mýmörgum, að seinni gítarsóló Eric Clapton í laginu sé sá allra besti í allri rokksögunni frá upphafi. Svo hef ég auðvitað áhuga á skipum og öllu sem varðar sjóinn.

Eyrún Ingadóttir.

PRENTUN

Litla & prent

Umhverfissvæn og svansvottuð prentsmiðja - www.litlaprent.is



DRAFTING AND NEGOTIATING INTERNATIONAL CONTRACTS - 8. OG 9. MAÍ 2023

The course provides for a comprehensive overview of the legal considerations one has to make when dealing with the drafting and negotiation process of international contracts. The differences between the major legal systems are outlined and comparisons are made on a country-by-country level. Furthermore, the course both provides for a better understanding of the overall structure of an International Contract and gives the participants an overview of the main clauses used. Finally, the course makes the participants more familiar with terminology used in International Contracts.

The course is set-up in a very practical way; participants will be preparing and discussing assignments together. Attending this course will enable you to take a more active role in the international contract negotiation and drafting process. You will become more familiar with the legal differences between various jurisdictions and will become better aware of the considerable impact that these differences may have on any given International Contract. In addition, you will get a better understanding of the contract structure and the clauses used in International Contracts. Finally, you will find yourself more familiar with the English terminology used in International Contracts.

Course contents

The course covers the following areas:

- Selection of some fundamental basic legal concepts, applicable law, relevant international organizations etc.
- The pre-contractual phase – including letters of Intent and non-disclosure agreements
- Formation, recitals and the battle of forms
- Analysis of the contract structure and the most important contract clauses:
- Interpretation clauses
- Limitation of liability and liquidated damages
- Conformity of goods and services
- Penalty clauses
- Confidentiality clauses
- Assignment clauses
- Force Majeure & hardship clauses
- Termination clauses
- Choice of law and jurisdiction & international dispute resolution

Who should attend the course

The course is especially aimed at lawyers and legal professionals that are exposed to and/or directly working with international contracts.

Kennari Jochem van Rijn er hollenskur lögfræðingur sem hefur undanfarin áratug kennt á námskeiðum í Danmörku, Noregi, Finnlandi og Íslandi. Síðast kenndi hann þetta námskeið vorið 2017 við góðan orðstír.

Endurgjöf þátttakenda 2017:

- Ég var mjög ánægður með námskeiðið. Það gaf mér mikla og góða innsýn í mikilvægi varkárni í gerð alþjóðlegra samninga.
- Eitt besta námskeið sem ég hef sótt.
- Ég var mjög ánægð, námskeiðið veitti mér góða yfirsýn yfir áskoranir sem eru í alþjóðlegri samningagerð. Þá voru praktísk dæmi einstaklega lærdómsrík. Kennarinn var mjög góður.

Staður Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, Reykjavík.

Tími Alls 12 klst. Mánudagur 8. maí og þriðjudagur 9. maí 2023, kl. 09:00-16:00.

Verð kr. 140.000,- (kr. 18.000,- í afslátt fyrir félagi í félagsdeild og kr. 6.000,- í afslátt fyrir félagi í LMFÍ og LÍ.

Ekki er boðið upp á að sækja námskeiðið í fjarfundi

SKRÁNING Á NÁMSKEIÐ Á HEIMASÍÐU LMFÍ; WWW.LMFI.IS

NÝ RÉTTINDI FYRIR HÆSTARÉTTI

Guðbrandur Jóhannesson

Lögþing lögmannsstofa, Sundagörðum 2, 104 Reykjavík

NÝ RÉTTINDI FYRIR LANDSRÉTTI

Höskuldur Þór Þórhallsson

LÖGÍS lögmennt, Suðurlandsbraut 14, 108 Reykjavík

Sonja Hjördís Berndsen

Ríkislögmaður, Hverfisgötu 4-6, 101 Reykjavík

Anna Guðrún Árnadóttir

Embætti borgarlögmanns, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík

Sigurður Freyr Sigurðsson

LAND lögmennt, Hlíðarsmára 9, 201 Kópavogi

Júlí Ósk Antonsdóttir

Lögmennt Norðurlandi, Hafnarstræti 94, 600 Akureyri

NÝ RÉTTINDI FYRIR HÉRAÐSDÓMSTÓLUM

Heiður Heimisdóttir

LEX lögmannsstofa ehf., Borgartúni 26, 105 Reykjavík

Andri Björgvin Arnþórsson

Lögvernd lögmannsstofa, Ármúla 15, 108 Reykjavík

Próstur Laxdal Atlason

Skatturinn, Tollhúsið Tryggvagötu, 101 Reykjavík

Arnar Sveinn Harðarson

LOGOS slf., Efstaleiti 5, 103 Reykjavík

Kristrún Ragnarsdóttir

Réttur - Aðalsteinsson & Partners ehf., Klapparstíg 25-27, 101 Reykjavík

Jóhann Alfreð Kristinsson

Vogatungu 50, 270 Mosfellsbæ

Þórdís Ólöf Viðarsdóttir

Lögmennt Suðurlandi, Austurvegi 3, 800 Selfossi.

ENDURÚTGEFIN RÉTTINDI

Elfar Elí Schweitz Jakobsson

Lögmennt Laugardal, Sundagörðum 2, 104 Reykjavík

Sunna Lind Höskuldsdóttir

JS lögmannsstofa, Lágmúla 7, 108 Reykjavík

Katrín Oddsdóttir

Réttur - Aðalsteinsson & Partners, Klapparstíg 25-27, 101 Reykjavík

Kolbrún Arnardóttir

Sýni ehf., Víkurharfi 3, 203 Kópavogi

Sigurður Guðstafsson Hafstað

Draupnir lögmannsþjónusta, Borgartúni 28, 105 Reykjavík

Hreiðar Eiríksson

Exitus ráðgjöf ehf., Mýrartúni 12, 600 Akureyri

Sigríður Laufey Jónsdóttir

Motus ehf. og Lögheimtan ehf., Katrínartúni 4, 105 Reykjavík

Aðalsteinn Sigurðsson

Rafnar ehf., Geirsgötu 11, 101 Reykjavík

Ragna Björk Ragnarsdóttir

Sýn hf., Suðurlandsbraut 8, 108 Reykjavík.

Olga Dís Þorvaldsdóttir

Kvika banki hf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík.

Gunnar Atli Gunnarsson

Landslög, Borgartúni 26, 105 Reykjavík.

Vigdís Þóra Sigfúsdóttir

Hekla Legal ehf., Hamravík 24, 112 Reykjavík.

BREYTING Á VINNUSTAÐ

Davor Purusic

Dago lögmannsþjónusta og ráðgjöf ehf., Lágmúla 5, 108 Reykjavík

Reimar Pétursson

Eva Halldórsdóttir

Birgir T. Pétursson

Sigurður Kári Kristjánsson

Guðmundur H. Pétursson

Andri Vilhjálmur Sigurðsson

Alexander Örn Júlíusson

LLG lögmennt ehf., Laugavegi 31, 101 Reykjavík

Heiða Óskarsdóttir

H - lög, Fjallalind 56, 201 Kópavogi

Ásta Guðjónsdóttir

Nova hf., Lágmúla 9, 108 Reykjavík

Ingvi Snær Einarsson

Ríkislögmaður, Hverfisgötu 6, 101 Reykjavík

Rakel Jensdóttir

Hvilft lögfræðiráðgjöf ehf., Borgartúni 28, 105 Reykjavík

Sigmundur Guðmundsson

Pacta, Hafnarstræti 91-95, 600 Akureyri

Bjarney Anna Bjarnadóttir

Íslandsbanki, Hagasmára 3, 201 Kópavogi

Lilja Björg Ágústsdóttir

Sveitarfélagið Borgarbyggð, Digranesgötu 2, 310 Borgarnesi

Berglind Guðmundsdóttir

Alvotech, Sæmundargötu 15-19, 101 Reykjavík

Auður Tinna Aðalbjarnardóttir

Umboðsmaður Alþingis, Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík

Stefán Ragnarsson

KRST lögmennt, Tryggvagötu 11, 101 Reykjavík

Vilhjálmur Þór Svansson

Creditinfo Lánstraust hf., Borgartúni 25, 105 Reykjavík

Helgi Már Jósefsson

KPMG Law ehf., Borgartúni 27, 105 Reykjavík

Sigurður Rúnar Birgisson

Davíð Blöndal Þorgeirsson

Andrea Guðmundsdóttir

Gjaldheimtan ehf., Laugavegi 182, 105 Reykjavík

Sigurður Jakob Helgason

SJH Legal ehf., Tangabryggju 13, 110 Reykjavík

Sólvi Davíðsson

Festi hf., Dalvegi 10-14, 201 Kópavogur

NÝTT HEIMILISFANG

Þorbjörn Þórðarson

LPR lögmannsstofa slf., Smyrilshlíð 4, 102 Reykjavík

BBA // FJELDCO

Deloitte.
Legal

Lögmannaþingið


ADVEL

juris

LANDSLÖG | LÖGFRÆÐISTOFA


LÖGMANNSTOFA

 | NOVUM
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA

LOGOS

Reykjavík · London

LR

Lögfræðistofa Reykjavíkur

FORTIS
Lögmannsstofa



Mörkin lögmannsstofa hf.
Suðurlandsbraut 4, 3. hæð, 108 Reykjavík
Sími 414 4100 · www.law.is